FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
7. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 9. JANÚAR 2018

# Óupplýstur þjófnaður úr hirslu lögreglu

**Enginn þarf að svara til saka fyrir það hvers vegna haldlagðir munir úr húsleitum tengdum rassíunni á kampavínsklúbbinn Strawberries hurfu úr hirslum lögreglu. Rannsóknir skiluðu ekki árangri. Slæmt að fá ekki botn í málið segir héraðssaksóknari.**

**LÖGREGLUMÁL** „Það er í mínum huga ekki æskilegt að þetta skuli geta gerst,“ segir Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari um að óupplýst sé hvernig haldlögð verðmæti hurfu úr hirslum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eftir húsleit á kampavínsklúbbnum Strawberries.

Eigandi Strawberries kærði bæði þjófnað á eigum sínum og framgöngu lögreglumanna við rassíu á staðinn til héraðssaksóknara árið 2016. Nú liggur fyrir að hvorug kæran leiddi til ákæru.

Lögreglurannsókn á starfsemi á Strawberries og rassía með óeinkennisklæddum lögreglumönnum varð til þess að eigandinn og fjórir starfsmenn staðarins voru handteknir árið 2013.

Í júní 2015 lét ríkissaksóknari málið niður falla að undanskildum meintum skattalagabrotum eigandans. Vegna þeirra var hann dæmdur í tólf mánaða skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu 242 milljóna króna sektar í maí síðastliðnum.

Haustið 2016 hafði eigandinn þó lagt fram kærur á hendur lögreglunni til héraðssaksóknara, annars vegar vegna framgöngu lögreglumanna í rassíunni og hins vegar vegna hinna horfnu muna. Ólafur Þór segir báðar kærurnar hafa verið rannsakaðar.

Niðurstaðan varðandi kæruna um framgöngu lögreglumannanna, sem meðal annars voru sakaðir um að hafa verið ölvaðir eftir að hafa keyfað áfengi á staðnum fyrir handtökur, var að ekki hafi verið talið tilefni til að saksækja að sögn Ólafs.

Hin kæran varðaði þá staðreynd að í málinu var haldlagt nokkuð af verðmætum í húsleitum tengdum rannsókninni. Þar á meðal var Rolexúr, skartgripir, þar á meðal erfðagripir, og reiðufé.

Allt þetta mun hafa verið fært í munaskrá lögreglu en fullyrt hefur verið að verðmæti munanna hafi numið milljónum króna. Aðeins starfsmenn lögregluembættisins eiga að hafa aðgang að þessum hirslum.

Upp komst að verðmætin væru horfin úr hirslum lögreglu þegar embætti héraðssaksóknara kallaði eftir þeim til að láta verðmeta þau.

> **Það hafðist ekki upp á þeim sem mögulega bar ábyrgð á því að þessir hlutir hurfu. Þeirri rannsókn var því hætt.**
>
> Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari



**242**

**milljóna króna sekt var lögð á eiganda Strawberries með dómi fyrir skattalagabrot.**

**» Rolexúr, skartgripir og reiðufé úr Strawberriesmálinu er meðal þess sem gufaði upp úr hirslum lögreglunnar.**

Hvarf munanna sætti í kjölfarið bæði rannsókn innanhúss hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og héraðssaksóknara. Hvorug skilaði niðurstöðu.

„Það hafðist ekki uppi á þeim sem mögulega bar ábyrgð á því að þessir hlutir hurfu. Þeirri rannsókn var því hætt,“ segir Ólafur Þór. Aðspurður hvort það sé ásættanleg niðurstaða segir hann þetta vissulega bagalegt.

„Það var farið af stað til að upplýsa með hvaða hætti þessir munir hverfa. Það er alls ekki nógu gott að það fáist ekki botn í það og bendir til þess að menn þurfi að lagfæra það sem þarna hefur borið út af, hvort sem það er út af saknæmri háttsemi eða ekki. Í þeim tilvikum þegar við erum með muni haldlagða þá er málum háttað þannig að það komi alls ekki til greina að svona staða komi upp,“ segir héraðssaksóknari. **– smj**




## Dýrasta eldsneyti í heimi

Í byrjun árs búa Íslendingar við hæsta dísilverð í heimi og næsthæsta bensínverðið á eftir Hong Kong. Skattar og álögur á Íslandi eru of há segir framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Sjá síðu 6. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## BF og Viðreisn að skoða samstarf

**STJÓRNMÁL** Forystumenn innan Viðreisnar og Bjartrar framtíðar hafa rætt um samstarf í Reykjavík og í öðrum stærstu sveitarfélögum í sveitarstjórnarkosningunum í vor.

Sitjandi borgarfulltrúar Bjartrar framtíðar munu ekki ætla að gefa kost á sér til forystu. Nichole Leigh Mosty, fyrrverandi alþingismaður, er hins vegar sögð líkleg. Nafn Pawels Bartoszek, sem sat á þingi fyrir Viðreisn en náði ekki kjöri í síðustu þingkosningunum, hefur verið nefnt.



Líklegt þykir að María Rut Kristinsdóttir, aðstoðarkona Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur alþingismanns sækist eftir forystu í borginni fyrir Viðreisn.

**– aá /** **sjá síðu 4**

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Guðríður Arnardóttir segir kennara þurfa hærri laun. 10

**SPORT** Barcelona borgaði 20 milljarða fyrir Coutinho þótt hann félli á læknisskoðun. 12

**LÍFIÐ** Árni og Kristín Inga fengu sér húðflúr hjá 100 ára gamalli húðflúrlistakonu. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **BÍLAR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



Ókeypis kynningartími

Ókeypis kynningartími • 17. janúar

skráning á dale.is

Dale Carnegie

Copyright © 2018 Dale Carnegie & Associates, Inc. All rights reserved. dcc_Ad_121817_iceland

## Veður




Suðaustan hvassviðri eða stormur um morguninn, hvassast suðvestanlands til hádegis. Talsverð eða mikil rigning suðaustanlands en lengst af úrkomulítið norðanlands. Lægir mikið vestanlands síðdegis, en víða hvassviðri um landið austanvert.

SJÁ SÍÐU 16

# Stefnan tekin á kurl, spæni og sag




Jólatré þessa lands hafa nú flest þjónað tilgangi sínum sem stofustáss yfir hátíðarnar. Stór hluti landsmanna hafði þegar losað sig við trén áður en þrettándi dagur jóla rann sitt skeið en líklegt má telja að enn séu einhver tré eftir standandi. Ljósmyndari Fréttablaðsins leit við í Sorpu í gær þar sem tekið var á móti notuðu greni. För trjánna endar þó ekki þar enda munu einhver þeirra síðar verða trjákurl, spænir eða sag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Meint innherjasvik fyrrverandi yfirmanns Icelandair í ákærumeðferð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Rannsókn lokið í Icelandair-máli

**VIÐSKIPTI** Rannsókn Embættis héraðssaksóknara á meintum brotum yfirmanns hjá Icelandair á lögum um verðbréfaviðskipti er lokið. Þetta staðfesti Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari við Fréttablaðið í gær.

Ólafur segir málið nú fara í ákærumeðferð þar sem tekin verður ákvörðun um hugsanlega saksókn.

Fréttablaðið greindi fyrst frá málinu í júlí síðastliðnum og síðan var greint frá því að yfirmaðurinn hefði verið í slagtogi við að minnsta kosti þrjá aðra menn, sem einnig eru grunaðir.

Mennirnir eru grunaðir um að hafa nýtt sér í nokkur skipti innherjaupplýsingar sem þeir fengu hjá yfirmanni hjá Icelandair til að gera framvirka samninga með hlutabréf í Icelandair Group, aðeins fáeinum dögum áður en félagið sendi frá sér kolsvarta afkomutilkynningu til Kauphallarinnar í febrúar.

Icelandair sendi yfirmanninn strax í leyfi frá störfum þegar félagið fékk upplýsingar um að viðkomandi væri til rannsóknar. Héraðssaksóknari hefur kyrrsett tugi milljóna króna í tengslum við rannsókn málsins sem eru ætlaður hagnaður mannanna af viðskiptunum. **– smj**

## Lagði hendur á barnsmóðurina

**DÓMSMÁL** Sjómaður var í Héraðsdómi Suðurlands dæmdur í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að ganga í skrokk á barnsmóður sinni á tjaldstæði á Suðurlandi.

Árásin átti sér stað í maí árið 2016 þegar maðurinn var í landi eftir sex vikna túr úti á sjó. Maðurinn hafði setið að sumbli í hjólhýsi á svæðinu en að því loknu sinnaðist honum og konu hans. Þeim samskiptum lauk með því að hann sló hana ítrekað í höfuðið með þeim afleiðingum að hún hlaut mar og bólgur á andliti. Þá reif hann í hár hennar með þeim afleiðingum að flygsur úr því rifnuðu af höfði hennar.

Parið var eitt til frásagnar en bæði voru ölvuð. Konan var þó talsvert minna ölvuð og þótti framburður hennar eiga sér stoð í ljósmyndum sem teknar voru á bráðamóttöku. **– jóe**

# Fálkaorðuhafinn sem fílar pönk og Iggy Pop

Dr. Ólafur Dýrmundsson, fyrrverandi ráðunautur hjá Bændasamtökunum, var sæmdur fálkaorðu á nýársdag. Eldri borgarinn ber það ef til vill ekki með sér en í honum bærist pönkari. Dr. Ólafur hefur villinginn Iggy Pop í miklum hávegum.

**FÓLK** Ólafur Dýrmundsson verður 74 ára á þessu ári og varð ekki heitur Iggy Pop aðdáandi fyrr en hann var kominn á sjötugsaldurinn. Iggy vann hann endanlega á sitt band á tónleikum sem hann hélt í Listasafni Reykjavíkur 2006.

„Ég var þá farinn að hlusta aðeins á hann og átti eina eða tvær plötur. Þetta voru hörku hljómleikar þar sem hann hafði það sem eftir var af The Stooges með sér.“

Ólafur segir flesta í kringum sig hafa talið Iggy vera „einhvern brjálæðing“ en ráðunautur lífræns búskapar og landnýtingar hjá Bændasamtökunum sá annað og meira í tónlistarmanninum. „Hann mætti í sjónvarpsviðtal daginn fyrir tónleika, virðulegur mjög, fullklæddur í frakka og virtist bara vera ágætis kall. Hann er vel lesinn, talar vandaða ensku og er vel að sér um ýmislegt. Fortíð hans er skrautleg og kannski merkilegt að hann skuli enn vera lifandi. En ég er löngu sannfærður um að hann er maður með viti.“




Þeir verða ekki öllu pönkaðri, fálkaorðuhafarnir, en Dr. Ólafur Dýrmundsson sem hefur krækt sér í nánast allar plötur Iggy Pop. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Iggy óx enn meira í áliti hjá Ólafi þegar hann las ævisögu hans. „Þetta var enginn sérstakur lofsöngur en ég held að hann geti skrifað undir flest sem þar kemur fram, bæði gott og illt.“

Eftir að hafa sé Iggy á sviði byrjaði Ólafur að safna plötum hans fyrir alvöru. „Ég fór út um allt. Í Geisladiskabúð Valda og víðar og er kominn með þetta mest allt núna. Fyrir utan það nýjasta en ég hef verið að hlusta á það á YouTube. Annars hlusta ég mest á hann í bílnum til þess að vera ekkert að kvelja aðra með þessu.“

Ólafur var við nám í Wales á árabilinu 1966-1972 og fékk þá allt það helsta sem var að gerast beint í æð með sjónvarpsþættinum Top of the Pops. „Þarna sá maður Jimi Hendrix, Stones, Bowie, Lou Reed og Bítlana á sínum tíma. Allt þetta gullaldarlið.“

Ólafur lét sig að vonum ekki vanta þegar Iggy kom aftur til Íslands og hélt tónleika á Ásbrú 2015. Hann hafði þá nýlátið af störfum og Bændablaðið gaf honum tvo tónleikamiða.

„Konan mín hafði aldrei komið á svona og leist ekki alveg á þetta enda var hassreykur í loftinu og ýmislegt í gangi. Þarna var hann 68 ára og ég 71 árs en ég hoppaði og skoppaði þarna eins og fleiri. Þetta var alveg stórkostlegt. Ógleymanlegt.“

Ólafur segist hafa miklu meira gaman af pönki en þungarokki og Iggy Pop sé guðfaðir pönksins.

„Þetta var bara komið hjá honum strax á fyrstu plötum The Stooges. Alveg í það minnsta áratug á undan öllum hinum. Ég hef líka gaman af því að skella The Sex Pistols á fóninn af og til en ég heyrði fyrst í þeim þegar ég var á ráðstefnu í Skotlandi 1978,“ segir fálkaorðuhafinn sem telur The Sex Pistols eiga Iggy Pop margt að þakka. **thorarinn@frettabladid.is**

**Barnsmissir**

*Upplifun og reynsla foreldra af stuðningi og þjónustu*

Þann 10. janúar kl 20:00 í Safnaðarsal Háteigskirkju, flytur Hrönn Ásgeirsdóttir erindi sem hún byggir á rannsókn sinni og upplifun af stuðningi og þjónustu vegna barnsmissis. Einnig er kynnt stuðningshópastarf vegna barnsmissis og tekið við skráningum.

Ókeypis og allir velkomnir.

NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

birta
landssamtök
foreldra og forráðamanna barna og ungmenna sem látist hafa fyrirvaralaust

www.nydogun.is • www.sorg.is • nydogun@nydogun.is




HYBRID

Suzuki Ignis er með sparneytnum 90 hestafla dual Jet mótor en er einnig fáanlegur með Hybrid-búnaði sem gerir hann enn kraftmeiri og neyslugrennri.

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

Komdu í heimsókn og upplifðu Ignis.

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

# Rannsókn á meintum fjárdrætti á Siglufirði er nú á lokametrunum

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn héraðssaksóknara á meintum fjárdrætti úr Afli sparisjóði, sparisjóði Siglufjarðar, ætti að ljúka í næsta mánuði. Þetta segir Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari og staðfestir að tekist hafi að yfirheyra Magnús Jónasson, fyrrverandi skrifstofustjóra sparisjóðsins, í desember.

Ólafur Þór vill ekki svara því hvort aðrir liggi undir grun í málinu. Tveir menn voru handteknir og þar á meðal Magnús í september 2015 vegna gruns um fjárdrátt en skrifstofustjórinn fyrrverandi lét af störfum í sparisjóðnum í júní það ár við yfirtöku Arion banka á fyrirtækinu. Kom þá fram að rökstuddur grunur hefði komið upp vegna fyrirspurnar Embættis sérstaks saksóknara í alls óskyldu máli.



**Afl varð til við samruna tveggja sparisjóða.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rúmum mánuði síðar var greint frá því að Magnús væri grunaður um að hafa dregið sér rúmar 100 milljónir króna í starfi og baðst hann lausnar sem forseti bæjarstjórnar Fjallabyggðar.

Ráðist var í húsleitir á Siglufirði í desember 2016 og aðrir tveir menn handteknir. Annar þeirra var Ólafur Jónsson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri Afls.

Rannsóknin hafði legið á ís vegna alvarlegra veikinda Magnúsar þegar Fréttablaðið fjallaði síðast um málið eða í mars í fyrra. Í sama mánuði felldi Hæstiréttur úr gildi úrskurð Héraðsdóms Norðurlands eystra um að fresta skaðabótamáli þar til rannsókn á meintum brotum Magnúsar, sem talið er að hafi staðið yfir á nokkurra ára tímabili, væri lokið. Var þeirri niðurstöðu mótmælt bæði af lögmanni hans og Arion banka sem rekur nú útibú á Siglufirði undir sínum merkjum. **– hg**


**Stardalur eru illa leikinn.** MYND/BÖDDI

## Grunar íkveikju í Stardalsbruna

**LÖGREGLUMÁL** Grunur leikur á að kveikt hafi verið í húsunum í Stardal við Þingvallaveg aðfaranótt eða að morgni þrettánda dags jóla sem bar upp á síðastliðinn laugardag. Óskar lögreglan á höfuðborgarsvæðinu eftir vitnum að mannaferðum við Stardal vegna rannsóknar á brunanum sem varð bæði í íbúðarhúsi og útihúsum.

Fram kemur í frétt frá lögreglunni að tilkynnt hafi verið um eldinn klukkan 9.59 á laugardagsmorguninn. Húsin á staðnum eru afar illa farin. Samanlagt brunabótamat húsanna er um 167 milljónir króna. **– gar**

## Illviðri skellur á höfuðborginni

**VEÐUR** Gert er ráð fyrir að mikið hvassviðri gangi yfir landið sunnanvert og vestanvert í dag og miðhálendið sömuleiðis. Veðurstofan hefur gefið úr svokallaða appelsínugula viðvörun sem gildir fyrir höfuðborgarsvæðið á mesta umferðartímanum fyrir hádegi, eða frá klukkan sex til tíu.

Spáð er að vindhraðinn verði 18 til 25 metrar á sekúndu. Veðurstofan segir að mjög hvasst og hviðótt verði í efri byggðum þegar umferð fer af stað og börn haldi í skóla. Einnig verði mjög hvasst á leiðum til borgarinnar, til dæmis á Kjalarnesi, Hellisheiði og á Reykjanesbraut. **– gar**

# Viðreisn og Björt framtíð ræða samvinnu á sveitarstjórnarstigi

**Frjálslyndu miðjuflokkarnir ræða sín á milli um komandi kosningar. Engin endurnýjun er í kortunum hjá Samfylkingunni í borginni. Nichole Mosty íhugar alvarlega framboð í Reykjavík. María Rut Kristinsdóttir er orðuð við oddvitasæti Viðreisnar en Pawel hugsar enn málið. Þórlaug vill leiða lista Pírata í Reykjavík.**

**STJÓRNMÁL** Áhugi er fyrir því bæði innan Viðreisnar og Bjartrar framtíðar að vinna saman að því markmiði að halda íhaldsöflunum frá völdum í þeim sveitarfélögum þar sem það er mögulegt. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins.

Þannig hafa forystumenn innan Viðreisnar og Bjartrar framtíðar átt óformleg samtöl um samstarf í borginni og í öðrum stærstu sveitarfélögum landsins; Hafnarfirði, Kópavogi, Akureyri og mögulega í Reykjanesbæ.

Fátt er þó um fína drætti þegar kemur að frambjóðendum fyrir flokkana tvo, þótt mörgum nöfnum hafi verið haldið á lofti í umræðunni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gefa sitjandi borgarfulltrúar Bjartrar framtíðar ekki kost á sér í forystusæti fyrir flokkinn í Reykjavík. Nichole Leigh Mosty er hins vegar sögð mjög líkleg.

„Ég er að hugsa um það en ekki endanlega búin að gefa það út,“ segir Nichole, aðspurð um framboð. Nichole býr í Breiðholti og hefur nýverið tekið við stöðu verkefnastjóra samfélagsþróunar í hverfinu. „Mér finnst mjög spennandi hlutir hafa verið að gerast hér í Breiðholti. Það hefur verið svo jákvæð þróun hér og gerjun sem ég myndi vilja að héldi áfram í borginni,“ segir Nichole og bætir við um framboð:

> **Ætli maður sé ekki bara svo hræddur við að það hafi áhrif á gengið að hafa farið í fæðingarorlof að maður þorir varla að taka slaginn.**
>
> Kristín Soffía Jónsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar



„Ég viðurkenni að ég er enn að sleikja sárin eftir reynsluna af þinginu. Ég mætti miklu mótlæti fyrir að vera með, en Björt framtíð skiptir mig mjög miklu máli og ef kallið kemur þaðan, þá er ég til,“ segir Nichole.

Nafni Pawels Bartoszek hefur verið haldið á lofti síðan hann datt út af þingi í haust. Að eigin sögn er Pawel að leita sér að starfi og hefur ekki gert upp hug sinn um framboð. Heimildir blaðsins herma að hann muni þó ekki sækjast eftir fyrsta sæti á lista. Hins vegar þykir ekki ólíklegt að María Rut Kristinsdóttir, aðstoðarmaður Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, muni sækjast eftir forystu í borginni fyrir Viðreisn. Áður en María hóf að aðstoða Þorgerði Katrínu starfaði hún sem sérfræðingur í dómsmálaráðuneytinu og leiddi meðal annars samráðshóp um meðferð kynferðisbrota í réttarvörslukerfinu.


**Pawel Bartoszek, fyrrverandi þingmaður Viðreisnar.**

**Nichole Leigh Mosty, fyrrverandi þingmaður Bjartrar framtíðar.**

Ekki er að vænta mikillar endurnýjunar hjá Samfylkingunni í Reykjavík en enginn sitjandi borgarfulltrúa flokksins hefur gefið út að hann hyggist hætta. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Hjálmar Sveinsson hafa setið tvö kjörtímabil en hinir borgarfulltrúarnir, Skúli Helgason, Kristín Soffía Jónsdóttir og Heiða Björg Hilmisdóttir, hafa setið eitt kjörtímabil.

Kristín segist þó enn vera að hugsa málið. „Það er bara pínu erfitt að fara í fæðingarorlof í pólitík og koma til baka,“ segir Kristín og tekur dæmi úr borgarpólitíkinni um Sveinbjörgu Birnu, Þorbjörgu Helgu og Oddnýju Sturludóttur. „Ætli maður sé ekki bara svo hræddur við að það hafi áhrif á gengið að hafa farið í fæðingarorlof að maður þorir varla að taka slaginn,“ segir Kristín sem hugsar nú málið í ljósi #metoo-byltingarinnar.

Þórlaug Ágústsdóttir hefur formlega gefið kost á sér til forystu fyrir Pírata í borginni en Halldór Auðar Svansson, eini borgarfulltrúi flokksins, hefur gefið út að hann ætli ekki aftur í framboð. Þórlaug hefur verið virk í flokknum lengi og skipaði þriðja sæti á lista flokksins í síðustu borgarstjórnarkosningum.

Enn liggur ekki fyrir hverjir gefa kost á sér í leiðtogakjöri Sjálfstæðisflokksins aðrir en Áslaug Friðriksdóttir og Kjartan Magnússon, sitjandi borgarfulltrúar, en framboðsfrestur rennur út á morgun. Eyþór Arnalds liggur enn undir feldi en margir líklegir frambjóðendur hafa helst úr lestinni undanfarna daga. Þannig hafa Unnur Brá Konráðsdóttir og Jón Karl Ólafsson bæði lýst því yfir að þau fari ekki fram, þrátt fyrir fjölda áskorana.

adalheidur@frettabladid.is



# Notaðir bílar

## Allt að 6 ára ábyrgð fylgir*




### Kia Sportage EX

Árgerð 2016, ekinn 25 þús. km, dísil, 1.685 cc, 116 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.

**3.490.000 kr.**

Raðnúmer: 992730




### Kia Sorento Luxury

Árgerð 2017, ekinn 27 þús. km, dísil, 2.199 cc, 200 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

**6.590.000 kr.**

Raðnúmer: 291343




### Kia Stonic Luxury

Árgerð 2017, ekinn 1 þús. km, bensín, 998 cc, 120 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.

**3.390.000 kr.**

Raðnúmer: 992840




### Kia Sportage EX

Árgerð 2017, ekinn 15 þús. km, dísil, 1.685 cc, 142 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.

**3.990.000 kr.**

Raðnúmer: 992880




### Kia Rio LX

Árgerð 2017, ekinn 30 þús. km, bensín, 1.368 cc, 100 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.

**2.390.000 kr.**

Raðnúmer: 291336




### Kia Sorento Luxury

Árgerð 2015, ekinn 50 þús. km, dísil, 2.199 cc, 200 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

**5.290.000 kr.**

Raðnúmer: 992798




### Kia Picanto LX

Árgerð 2013, ekinn 62 þús. km, bensín, 998 cc, 90 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.

**1.090.000 kr.**

Raðnúmer: 992811




### Kia Soul EV Luxury

Árgerð 2017, ekinn 3 þús. km, rafmagn, 111 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.

**3.390.000 kr.**

Raðnúmer: 992716




### Kia Ceed LX SW

Árgerð 2016, ekinn 17 þús. km, bensín, 998 cc, 100 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.

**2.590.000 kr.**

Raðnúmer: 992711




### Kia Sorento Classic

Árgerð 2016, ekinn 36 þús. km, dísil, 2.199 cc, 200 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

**5.990.000 kr.**

Raðnúmer: 992670




### Kia Sportage EX

Árgerð 2014, ekinn 128 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

**2.990.000 kr.**

Raðnúmer: 992548




### Kia Rio LX

Árgerð 2015, ekinn 31 þús. km, dísil, 1.396 cc, 90 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.

**2.050.000 kr.**

Raðnúmer: 992706




### Kia Rio EX

Árgerð 2016, ekinn 8 þús. km, dísil, 1.396 cc, 90 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.

**2.450.000 kr.**

Raðnúmer: 142309




### Kia Picanto LX

Árgerð 2016, ekinn 22 þús. km, bensín, 998 cc, 66 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.

**1.540.000 kr.**

Raðnúmer: 320627

* Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar. Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á kia.com/abyrgd

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndavíxl

ASKJA

**NOTAÐIR BÍLAR**
www.notadir.is

Kletthálsi 2
110 Reykjavík
590 2160

**Opnunartímar:**
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16

# Eldsneytisverð hvergi hærra en hér á landi

**Í upphafi árs er verð á eldsneyti hvergi hærra en hér á landi. Framkvæmdastjóri FÍB segir álagningu og opinberar álögur þurfa að lækka. Formaður efnahags- og viðskiptanefndar segir opinber gjöld stuðla að lakari samkeppni.**

**VIÐSKIPTI** Íslendingar búa við hæsta eldsneytisverð í heimi. Verð á bensíni er það annað hæsta í heiminum, hálfri krónu lægra en í Hong Kong á sama tíma og verð á dísilolíu er það hæsta, heilum tíu krónum dýrara en hjá frændum okkar Norðmönnum. Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, segir skatta og álagningu á eldsneyti hér á landi of háa.

Vefsíðan Global petrol prices kannar verð á eldsneyti flestra landa heimsins vikulega. Í byrjun árs búa Íslendingar við næsthæsta bensínverð í heimi og hæsta dísilverðið. Runólfur segir Ísland hafa ætíð verið ofarlega á þessum lista en aldrei verið með hæsta eldsneytisverðið í heiminum. Nú sé hins vegar komið að því að við trónum á toppi heimslistans hvað þetta varðar.

„Það er alveg ljóst þegar maður horfir á innkaupsverð og opinberar álögur á eldsneyti að þá er það svo stór hluti af verðinu til neytandans að samkeppni verður alltaf takmörkuð,“ segir Óli Björn Kárason, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis. „Álögur á olíu og bensín í mínum huga leiða til lakari verðsamkeppni en gæti verið hér á landi. Það segir sig sjálft.“

Runólfur segir þá stöðu ekki fýsilega fyrir Ísland. Verð sé of hátt og segir hann orsakirnar bæði opinberar álögur sem og óhóflega álagningu olíufélaga á Íslandi.

„Grundvallaratriðið er það sem oft hefur verið bent á að við höfum verið með fákeppni á markaði ef frá er talin koma Costco. Fákeppnin hefur haldið uppi hárri álagningu, meiri álagningu en í nágrannalöndum okkar,“ segir Runólfur hjá FÍB. „Skattar sem hlutfall af eðlilegu útsöluverði eru nokkuð háir. Meginniðurstaðan er sú að við þurfum að lækka skatta. Einnig hefur komið fram hjá samkeppniseftirlitinu að álagning hér á landi er allt að 20 krónum hærri en í nágrannalöndum okkar.“

Óli Björn segir verðið komið í hæstu hæðir. „Nú er í farvatninu að endurskoða alla álagningu þegar kemur að umferð almennt. Sú endurskoðun er í gangi og menn hljóta að skoða með hvaða hætti opinber gjöld hafa áhrif á samkeppnina á neytendamarkaði. Ég tek undir með Runólfi um að verð sé of hátt.“

sveinn@frettabladid.is

### Bensín, verð á lítra

| | Land | Kr/L |
|---|---|---|
| 1 | Hong Kong | 209,36 |
| 2 | Ísland | 208,8 |
| 3 | Noregur | 202,69 |
| 4 | Mónakó | 197,93 |
| 5 | Holland | 195,56 |
| 6 | Grikkland | 193,94 |
| 7 | Ítalía | 193,44 |
| 8 | Ísrael | 192,91 |
| 9 | Wallis- og Fútúnaeyjar | 191,44 |
| 10 | Danmörk | 190,03 |

### Dísil, verð á lítra

| | Land | Kr/L |
|---|---|---|
| 1 | Ísland | 200,8 |
| 2 | Noregur | 190,54 |
| 3 | Svíþjóð | 188,3 |
| 4 | Mónakó | 181,95 |
| 5 | Ísrael | 177,82 |
| 6 | Ítalía | 177,34 |
| 7 | Frakkland | 174,09 |
| 8 | Bretland | 173,85 |
| 9 | Wallis- og Fútúnaeyjar | 172,28 |
| 10 | Hong Kong | 169,05 |

**20**

**króna hærri álagning er hér en í nágrannalöndunum.**

> **Álögur á olíu og bensín í mínum huga leiða til lakari verðsamkeppni en gæti verið hér.**
>
> Óli Björn Kárason, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

## Í sól og sumaryl



Meðan vetur konungur ræður ríkjum á norðurhluta jarðar er hásumar á suðurhveli. Það hefur ekki farið fram hjá íbúum Ástralíu í hitabylgju undanfarna daga. Hitinn hefur mest mælst hátt í 50°C sem sumum þykir í það mesta en aðrir nutu blíðunnar. Í þeim hópi voru þessir gestir Bondi-strandarinnar í Sydney. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Þúsundir Svía vilja hagnast á kannabis

**VIÐSKIPTI** Að minnsta kosti fimm þúsund Svíar hafa keypt hlutabréf í sex kanadískum fyrirtækjum sem framleiða kannabis. Gert er ráð fyrir að framleiðsla kannabis verði lögleidd í Kanada í sumar. Nú er eingöngu leyft að framleiða kannabis þar í lækningaskyni.

Mat endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte frá 2016 sýnir að um milljarðamarkað verði að ræða, framleiðendur, seljendur og flutningafyrirtæki muni græða. Ólögleg viðskipti með kannabis hafa verið umfangsmikil.

Hlutabréf í kanadísku kannabisfyrirtækjunum hafa verið til sölu í Svíþjóð. Hjá einu þeirra hefur verð hlutabréfa hækkað um 348 prósent á tæpum þremur mánuðum. – ibs



**Hlutabréf í félögum kannabisframleiðenda rjúka út.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




## Seldu á virði en ekki á verði

Þú lærir að stjórna tíma þínum og söluábendingum á áhrifaríkan hátt, að ná til viðskiptavina, og koma á fundum með lykilfólki. Þú munt selja á virði en ekki verði, leysa málin með viðskiptavinum og skapa þér sérstöðu. Námskeiðið Árangursrík sala (Winning with Relationship Selling) er á topp 20 lista Traingindustry.com

2017 TOP 20 COMPANY SALES TRAINING

**Ávinningur:**
- Tileinka þér jákvætt viðhorf
- Spyrja réttu spurninganna
- Auka trúverðugleika þinn
- Halda sölukynningu af öryggi
- Ná endursölu og nýjum tengiliðum
- Beina samræðum á rétta braut
- Skapa ný sölutækifæri með eftirfylgni
- Ná fram skuldbindingu og loka sölunni
- Koma auga á leiðandi kauphvata viðskiptavinar
- Taka á spurningum og andmælum af öryggi

**Hefst 6. mars • Nánar á dale.is**

Dale Carnegie®

Copyright © 2018 Dale Carnegie & Associates, Inc. All rights reserved. ad_sales_121317_iceland


ÚTSALA
REKKJUNNAR!
20-60%
AFSLÁTTUR!
ÓTRÚLEG TILBOÐ!
VAXTALAUSAR GREIÐSLUR Í
12MÁN.*
OG FYRSTA GREIÐSLA Í APRÍL!
(*Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi)
ARGH!!!
rekkjan
KOMDU NÚNA!
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

## Vill aukin útgjöld þrátt fyrir Brexit

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Útgjöld Evrópusambandsins verða að vera meiri en eitt prósent af vergri landsframleiðslu sambandsins þrátt fyrir útgöngu Bretlands úr ESB. Þessu lýsti Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar ESB, á fundi í gær um næstu sjö ára fjárlög Evrópusambandsins sem taka eiga gildi árið 2021.

Juncker sagði að á þessum fjárlögum þyrfti að einblína á sameiginleg verkefni ríkja ESB, til að mynda varnarmál, öryggismál, innflytjendamál, loftslagsmál og landbúnað. „Bretar munu yfirgefa okkur. Þess vegna þurfum við að finna leiðir til þess að bregðast við milljarða evra tekjutapi.“

Að sögn Günthers Öttinger, fjármálastjóra ESB, þarf að fylla upp í tólf til þrettán milljarða evra gat eftir Brexit. Það samsvarar um 1,5 billjónum íslenskra króna.

Juncker sagði að þótt ráðist yrði í endurskoðun og nútímavæðingu verkefna og stefna ESB þyrftu aðildarríki að dæla auknu fé í sambandið vegna nýrra sameiginlegra verkefna „Það er einfaldlega ekki hægt að fjármagna þessi verkefni með einungis prósenti af auði Evrópu.“ **– þea**

# Oprah orðuð við Hvíta húsið eftir þakkarræðu

**Ræða Opruh Winfrey á Golden Globes hlaut góðar undirtektir. Frægðarmenni skora á hana að fara í forsetaframboð. Winfrey sjálf ýjað að áhuga sem og lýst því yfir að hún ætli ekki í framboð. Kærastinn segir að hún myndi taka slaginn.**

**BANDARÍKIN** Fjölmiðlar í Bandaríkjunum birtu í gær umfjallanir hver af öðrum um mögulegt forsetaframboð fjölmiðlamógúlsins og fyrrverandi spjallþáttastjórnandans Opruh Winfrey vegna þeirra góðu undirtekta sem þakkarræða hennar fékk á Golden Globes-verðlaunahátíðinni á sunnudag, þar sem hún fékk heiðursverðlaun Cecils B. DeMille. Ræðan fjallaði einna helst um það mótlæti sem svartir Bandaríkjamenn og -konur hafa þurft að sæta í gegnum tíðina.

„Of lengi hafa raddir kvenna ekki fengið að heyrast. Konur hafa vart þorað að segja sannleikann vegna ofríkis valdamikilla karlmanna, en þeirra tími er liðinn. Þeirra tími er liðinn,“ sagði Winfrey til að mynda en hún er fyrsta svarta konan sem hlýtur verðlaunin.

Fjöldi hátíðargesta mætti í svörtum klæðum til þess að sýna samstöðu með þolendum kynferðislegrar áreitni og ofbeldis og nældi á sig nælur sem á stóð „Time's up“. Um var að ræða fyrstu stóru verðlaunahátíðina sem haldin hefur verið eftir #MeToo-byltinguna.

Um leið og úrslit forsetakosninganna árið 2016 lágu fyrir fóru strax af stað umræður um hver gæti leitt Demókrataflokkinn í forsetakosningum ársins 2020. Nafn Winfrey hefur ekki verið ofarlega í umræðunni fyrr en nú.

CNN greindi í gær frá samtali sínu við tvo vini Winfrey sem fór fram í skjóli nafnleyndar. Sögðu þeir að ýmsir úr innsta hring mógúlsins hefðu hvatt hana til þess að bjóða sig fram undanfarna mánuði og að Winfrey hafi ekki gert upp hug sinn.

Talsmaður Winfrey svaraði ekki bón miðilsins um viðbrögð en vinirnir tveir fullyrtu að hún íhugaði nú alvarlega að taka slaginn og bjóða sig fram gegn Donald Trump, sitjandi forseta.

Orð Winfrey er varða mögulegt forsetaframboð í gegnum tíðina eru misvísandi. Í júní sagði hún við Hollywood Reporter: „Ég fer aldrei í framboð. Það er nokkuð öruggt.“

Hún hefur einnig gefið hið gagnstæða til kynna. Í september tísti hún til að mynda hlekk á skoðanadálk í New York Post sem bar fyrirsögnina „Besta von Demókrata árið 2020: Oprah“ og skrifaði: „Þakka þér kærlega fyrir stuðninginn!“

Í viðtali við Bloomberg TV í mars sagðist hún aldrei alvarlega hafa íhugað forsetaframboð. Þegar blaðamaður benti henni á að Trump forseti hefði ekki haft neina reynslu af stjórnmálum sjálfur áður en hann fór í framboð svaraði Winfrey: „Eitt sinn hugsaði ég „ó, ég hef enga reynslu. Ég veit ekki nóg“, nú hugsa ég bara „Ó“.“

LA Times tók Stedman Graham, kærasta Winfrey til tæplega þrjátíu ára, tali í gær og spurði út í mögulegt forsetaframboð. „Það er undir fólkinu komið. Hún myndi án nokkurs vafa taka slaginn,“ sagði Graham.

Kysi Winfrey að fara í framboð gegn Trump ætti hún ágætis möguleika, ef marka má skoðanakönnun Public Policy Polling frá því í mars. Þar mældist Winfrey með 47 prósenta fylgi gegn 40 prósentum Trumps en vinsældir hans hafa dalað síðan. **thorgnyr@frettabladid.is**




ALUPROF
GEZE

Bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað, hringhurðir, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.
Áratuga reynsla.
Framúrskarandi fyrirtæki 2012-2015
JÁRN&GLER
Járn & Gler hf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is

Tannlæknaþjónustan.is
**Héðinn hefur störf hjá Tannlæknaþjónustunni**
Meðfram störfum mínum á Höfn í Hornafirði hef ég hafið störf hjá **Tannlæknaþjónustunni**, Valhöll Háaleitisbraut 1,105 Reykjavík.
Ég býð gamla og nýja viðskiptavini hjartanlega velkomna.

Héðinn Sigurðsson
tannlæknir Reykjavík
Tímapantanir í síma 482-3333. Við tökum vel á móti þér
**Reykjavík** Valhöll, Háaleitisbraut 1 105 Reykjavík
**Selfoss** Austurvegur 10 800 Selfoss
**Hella** Suðurlandsvegur 3 850 Hella



www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

# bauroc Milliveggjasteinar

**Bauroc er stærsti framleiðandi frauðsteypusteina í Norður-Evrópu og hefur framleitt vöruna allt frá árinu 2001.**

**Milliveggjasteinninn frá Bauroc er framleiddur úr hita og þrýstihertri frauðsteypu (e. Autoclaved Aerated Concrete). Helstu kostir eru:**

- myglusveppur sest ekki í efnið.
- auðvelt og fljótlegt er að hlaða og vinna.
- hátt hljóðeinangrunargildi og eldþol (A1).
- hægt er að nota hefðbundar skrúfur og múrbolta í veggina.



## PLADE Milliveggjasteinn

10cm á þykkt, 40cm á hæð og 60cm á breidd.
Rúmþyngd: 535kg/$m^3$
Þrýstistyrkur: > 4.5 N/$mm^2$
Varmaleiðni: 0,13 W/mK (EN 1745, model S1)
Brunaþolsflokkur: A1
Fermeter: 4.2stk / Á bretti eru 14.4$m^2$
Vottun: EN771-4



## Element50 Milliveggjasteinn

5cm á þykkt, 40cm á hæð og 60cm á breidd.
Rúmþyngd: 475kg/$m^3$
Þrýstistyrkur: > 3.0 N/$mm^2$
Varmaleiðni: 0,11 W/mK (EN 1745, model S1)
Brunaþolsflokkur: A1
Fermeter: 4.2stk / Á bretti eru 24.96$m^2$
Vottun: EN771-4



## LINTEL Hurðarstykki

Stálstyrktir bitar yfir hurðir og glugga.
Stærðir: 10cm á þykkt og breidd,
Lengdir 120cm og 160cm.
Varmaleiðni: 0,13 W/mK (EN 1745, model S1)
Rúmþynd: 500kg/$m^3$
Brunaþolsflokkur: A1
Vottun: EN12602




## BAUROC Lím

Þyngd: 25kg. Einn poki dugar fyrir eitt bretti (14.4$m^2$) af 10 cm stein. Einnig er til vetrarlím sem hægt er að nota frá 5 gráðum niður í allt að 10 stiga frosti.

**Mikið úrval af verkfærum og aukahlutum.**
**Frekari upplýsingar um bauroc er að finna á www.murbudin.is/bauroc**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

MÚRBÚÐIN
*Gott verð fyrir alla, alltaf!*

# Lýst eftir bjargvætti



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Framboðsmál Sjálfstæðismanna í borginni eru vandræðaleg. Fyrir áramót var tilkynnt að borgarstjóraefni flokksins fyrir kosningarnar í vor yrði kosið í prófkjöri. Valnefndir myndu síðan sjá um að raða fólki á lista þar fyrir neðan.

Mannval Sjálfstæðismanna í borginni hefur verið frekar óspennandi í lengri tíma, og segja má að enginn leiðtogi hafi náð flugi frá því að Hanna Birna Kristjánsdóttir leiddi flokkinn. Sumir segja að Sjálfstæðismenn hafi varla verið svipur hjá sjón í borginni síðan Davíð Oddsson fór í landsmálin seint á síðustu öld.

Margir hafa fengið að spreyta sig en jafnóðum endað á pólitískum ruslahaug. Markús Örn Antonsson, Árni Sigfússon, Björn Bjarnason, Vilhjálmur Vilhjálmsson og nú síðast Halldór Halldórsson. Allir hafa þessir leiðtogar farið sneypuför.

Í allmörg ár hefur staðan verið sú, að varla er hægt að reikna með að fólk sem ekki er upptekið af pólitík muni eitt einasta nafn úr forystusveit flokksins. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ná ekki flugi og hljóta að vera farnir að venjast því að láta starfssystkin af vinstri vængnum skyggja á sig.

Jón Gnarr olli straumhvörfum. Hann afhelgaði embættið, kom til dyranna eins og hann var klæddur og sýndi að góð stjórnun snýst fyrst og fremst um að þiggja góð ráð en ekki þykjast hafa ráð undir rifi hverju. Sterki leiðtoginn var gerður hlægilegur. Vopnin voru þar með slegin úr höndum Sjálfstæðisflokksins, sem jafnan hefur hampað sterkum foringja.

Það er því ærin ástæða fyrir flokksmenn að hreinsa til. Þetta snýst ekki bara um foringja, heldur þarf að tryggja fjölbreytileika og gott mannval með því að velja líka í sætin þar fyrir neðan.

Nú er flokknum mikill vandi á höndum. Þeir einu sem tilkynnt hafa um framboð, Kjartan Magnússon og Áslaug Friðriksdóttir borgarfulltrúar, eru ágætlega frambærilegt fólk, en hvorugu tekið fagnandi í baklandinu.

Aðrir kostir hafa einn af öðrum helst úr lestinni: Svanhildur Hólm, Marta Guðjónsdóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Borgar Þór Einarsson, Páll Magnússon, Ásdís Halla Bragadóttir, Halla Tómasdóttir og nú síðast Jón Karl Ólason. Fortíðardraugur úr borginni, Björn Bjarnason, stakk meira að segja upp á því að Framsóknarmaðurinn Frosti Sigurjónsson yrði dreginn á flot.

Sennilega verður Reykjavík aldrei aftur höfuðvígi Sjálfstæðismanna. Ólíklegt er að þeir nái nokkru sinni hreinum meirihluta eins og reglan var fyrir tilkomu R-listans árið 1994. Reykjavík endurspeglar alþjóðlega þróun. Borgarbúar víðsvegar í heiminum hafa í auknum mæli snúið baki við hægri og íhaldsflokkum.

Hvað sem því líður hlýtur Sjálfstæðisflokkurinn að eiga mikið inni í borginni. Flokksmenn leita nú logandi ljósi að nýrri vonarstjörnu. Skyldi hún finnast eða heldur niðurlæging Sjálfstæðismanna í Reykjavík áfram?

**Reykjavík endurspeglar alþjóðlega þróun. Borgarbúar víðsvegar í heiminum hafa í auknum mæli snúið baki við hægri og íhaldsflokkum.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Leitað að arftaka sjómannsins**
Atvinnuvegaráðuneytið hefur efnt til samkeppni um gerð útilistaverks á austurgafl Sjávarútvegshússins við Skúlagötu 4. Gaflinn varð mjög umdeildur í fyrra þegar málað var yfir mynd af sjómanni sem hafði prýtt hann. Sökinni var skellt á Hjörleif Guttormsson, náttúrufræðing og fyrrverandi alþingismann og ráðherra. Hann býr í nágrenni við húsið og lét verkið fara í taugarnar á sér. Ekki síst þar sem því var klastrað á vegginn án þess að fara í gegnum hefðbundið stjórnsýsluferli. Að þessu sinni gætir ráðuneytið að öllum leikreglum og verkferlum þannig að Hjörleifur hlýtur í það minnsta að fá sinn andmælarétt áður en nýju verki verður komið fyrir.

**Klámskjöldur stjórnsýslunnar**
Fréttir af mikilli ásókn í klámsíður úr tölvum á breska þinginu hafa vakið heimsathygli. Ætla má að hjá ríki og borg á Íslandi sé ástandið mun betra. Hjá Reykjavíkurborg er með öllu bannað að opna klámsíður í tölvum og byggingum borgarinnar. Og á Alþingi munu aldrei hafa komið upp nein slík mál. Þingheimur virðist vera svo vandaður og vel siðaður að varla hefur þurft að huga að sérstökum klámvörnum eða setja hömlur á netvafur starfsfólks þingsins og kjörinna fulltrúa.

thorarinn@frettabladid.is

# Sátt um laun kennara



Guðríður Arnardóttir
formaður Félags framhaldsskólakennara

Það er ástæða til að bera nokkrar væntingar til næsta kjörtímabils þegar kemur að menntamálum ef marka má stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar. Þar segir að öflugt menntakerfi sé forsenda framfara og boðar núverandi ríkisstjórn stórsókn í menntamálum á öllum skólastigum.

Þar er sérstaklega tekið fram að stuðla skuli að viðurkenningu á störfum kennara. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar felst sú ánægjulega staðreynd að núverandi ríkisstjórn telur störf kennara mikilvæg fyrir samfélagið allt.

Og auðvitað er það svo. Kennarar hafa í höndum sér fjöregg þjóðarinnar. Um okkar hendur fara þegnar þessa samfélags og það eru kennarar á öllum skólastigum sem eiga stóran þátt í að móta þá einstaklinga sem landið skulu erfa.

Nú eru kjarasamningar framhaldsskólakennara lausir. Stéttin hefur ekki farið með himinskautum í launakröfum sínum, en við höfum gert þá eðlilegu kröfu að laun okkar séu metin með tilliti til þess að nýútskrifaðir framhaldsskólakennarar hafa að lágmarki fimm ára háskólanám að baki og í mörgum tilfellum sex ár. Laun framhaldsskólakennara þurfa að vera samkeppnishæf og eiga auðvitað ekki að vera lakari en kjör annarra stétta opinberra starfsmanna með sömu menntun. Slík krafa hlýtur að vera sanngjörn og eðlileg.

Launastaða framhaldsskólakennara var arfaslök haustið 2013. Í kjölfar verkfalls og verulegra kerfisbreytinga fékk stéttin launaleiðréttingu vorið 2014 og hækkanir fram á árið 2017 sem einhverjir hafa séð ofsjónum yfir og hafa talið falla utan þess ramma sem „Salek-samkomulagið“ leyfir (rammasamkomulag um launaþróun). En ef við fylgjum fordæmi kjararáðs og metum launaþróun aftur til ársins 2006 liggur fyrir að enn þarf að leiðrétta laun framhaldsskólakennara, svo mjög höfðu þau dregist aftur úr viðmiðunarhópum stéttarinnar.

Ríkisstjórn Íslands hlýtur núna að standa við bakið á okkur, því eigi athafnir að fylgja orðum væri eðlilegt framhald fagurra fyrirheita um viðurkenningu kennarastarfsins að leiðrétta laun framhaldsskólakennara og gera samkeppnishæf.

**Laun framhaldsskólakennara þurfa að vera samkeppnishæf og eiga auðvitað ekki að vera lakari en kjör annarra stétta opinberra starfsmanna með sömu menntun.**




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Jarðstrengir í raforkukerfi – Takmörkuð auðlind?

**Magni Þór Pálsson**
verkefnastjóri rannsókna hjá Landsneti

Flutnings- og dreifikerfi raforku eru mikilvægur hluti af innviðum nútíma þjóðfélags. Flutningskerfi Landsnets flytur raforkuna á hárri spennu frá virkjun að tengivirki, þar sem spennan er lækkuð og afhent til dreifiveitu eða annarra notenda og dreifiveitan dreifir orkunni til sinna notenda.

**Í lofti eða í jörð**

Til þess að hægt sé að flytja og dreifa raforkunni þarf raflínur. Þær eru annaðhvort í lofti eða jörð. Dreifikerfin, sem rekin eru á mun lægri spennu en flutningskerfin eru að stórum hluta komin í jörðu. Strengvæðing flutningskerfa gengur hins vegar hægar, enda eru raffræðilegar áskoranir þar erfiðari viðureignar auk þess sem kostnaður og umfang við jarðstrengslagnir vex með hækkandi spennu. Hér á landi hafa þó jarðstrengslagnir verið ráðandi í nýlögnum á lægri spennustigum í flutningskerfinu.

Í raforkukerfinu er aflið samsett úr tveimur þáttum; raunafli sem er sá hluti aflsins sem skilar vinnu og launafli sem skilar engri vinnu en sveiflast fram og til baka. Jarðstrengur er þannig uppbyggður að hann framleiðir umtalsvert meira magn af launafli en loftlína með sambærilega afkastagetu. Launaflsframleiðslan er í réttu hlutfalli við annað veldi spennunnar, sem þýðir til dæmis að jarðstrengur framleiðir fjórfalt meira launafl á 132 kV spennu en hann myndi gera á 66 kV spennu.

**Þar sem möguleikar til jarðstrengslagna í íslenska flutningskerfinu eru ef til vill minni en víða annars staðar, er afar nauðsynlegt að nýta möguleikana á sem bestan hátt. Það er mikilvægt að til sé skýr stefna frá hendi stjórnvalda og að hún sé höfð að leiðarljósi.**

Launafl hefur bein áhrif á spennuna í kerfinu og er gagnlegt upp að vissu marki, til dæmis til þess að viðhalda spennugæðum. Verði launaflið hins vegar of mikið, getur það farið að hafa neikvæð áhrif á kerfisreksturinn, til að mynda vegna erfiðleika við spennustýringu í kerfinu.

**Styrkur eða stífleiki**

Svokallað skammhlaupsafl er mælikvarði á styrk eða stífleika kerfisins og gefur þar með upplýsingar um það hversu vel kerfið getur staðið á móti áhrifum launaflsins á kerfisreksturinn. Skammhlaupsaflið er mismikið eftir tengipunktum og eru nokkrir þættir sem hafa áhrif á það, s.s. nálægð við virkjanir, möskvun kerfisins og spennustig. Í íslenska flutningskerfinu er skammhlaupsaflið mest á Suður- og Suðvesturlandi, sem helgast af því að þar eru flest af stærstu orkuverum landsins og kerfið er þar þéttriðnast, þ.e. tengipunktar tengjast saman með mörgum, sterkum flutningslínum. Sem dæmi má nefna að útreiknað skammhlaupsafl í 220 kV tengivirkinu á Geithálsi er um sjöfalt hærra en í 132 kV tengivirkinu á Rangárvöllum við Akureyri.

**Innbyrðis áhrif og heildstætt mat**

Ólíkur styrkur kerfisins milli landsvæða er meginástæða þess að svigrúm til jarðstrengslagna er mismunandi. Þar sem kerfið er sterkt er meira rými til þess heldur en þar sem styrkurinn er lítill. Einnig þarf að hafa í huga að jarðstrengslagnir innan sama svæðis hafa innbyrðis áhrif. Til dæmis hafa jarðstrengslagnir í dreifikerfinu áhrif á mögulegar jarðstrengslengdir í yfirliggjandi flutningskerfi á sama landsvæði. Þetta gildir að sjálfsögðu einnig í hina áttina. Við hjá Landsneti höfum lengi bent á það að af þessum sökum þurfi að meta jarðstrengslagnir með heildstæðum hætti, sbr. t.a.m. skýrsluna „Jarðstrengslengdir í meginflutningskerfinu – Mat á mögulegum jarðstrengslengdum í nýju 220 kV flutningskerfi á Norðurlandi – Kerfisgreining“, mars 2017. Skipulagsstofnun hefur tekið undir þetta með óyggjandi hætti í nýlegu áliti stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum Kröflulínu 3.

**Þurfum að nýta möguleikana**

Af framansögðu er ljóst að til þess að nýta megi á sem bestan hátt það svigrúm sem er til jarðstrengslagna í flutningskerfi raforkunnar, þarf að rannsaka hvert tilfelli gaumgæfilega.

Þar sem möguleikar til jarðstrengslagna í íslenska flutningskerfinu eru ef til vill minni en víða annars staðar, er afar nauðsynlegt að nýta möguleikana á sem bestan hátt. Það er mikilvægt að til sé skýr stefna frá hendi stjórnvalda og að hún sé höfð að leiðarljósi.

Ítarlegri umfjöllun um jarðstrengi má finna á heimasíðu Landsnets, www.landsnet.is






Það er ótrúlegt að vita til þess að ég mun æfa og spila með átrúnaðargoðunum mínum: Messi, Suarez, Iniesta, Pique og Busquets. Vonandi læri ég sem mest af þeim og vonandi vinnum við einhverja titla saman.

Philippe Coutinho

**Philippe Coutinho og Josep Maria Bartomeu, forseti Barcelona, standa stoltir með treyjuna á blaðamannafundinum í gær.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Kostar Barcelona 20 milljarða

Barcelona borgaði 20 milljarða fyrir brasilíska leikmanninn Philippe Coutinho. Hann kolféll á læknisskoðun en það skipti Börsunga engu máli. Leikmaðurinn skrifaði undir fimm og hálfs árs samning.

Philippe Coutinho var kynntur til leiks með pompi og prakt í Barcelona í gær. Ef allt gengur eftir mun Brassinn kosta Katalóníufélagið heila 20 milljarða króna eða 142 milljónir punda. Er hann næstdýrasti knattspyrnumaður sögunnar, á eftir æskuvini sínum Neymar.

Hann er 34. Brassinn sem gengur í raðir Barcelona og gaf eftir 10 milljónir punda í árangurstengd laun til að flýta fyrir félagaskiptunum. „Þetta snýst ekki um peninga. Draumur minn er að verða að veruleika,“ sagði Coutinho á blaðamannafundi eftir að hann hafði verið kynntur til leiks.

**97**
**mörk hefur Coutinho skorað eða lagt upp síðan hann kom til Liverpool. Hann skoraði 54 og lagði upp 43.**

**35**
**milljónir fær Coutinho í vikulaun eða um 250 þúsund pund.**

„Mig langar að þakka forseta Barcelona og einnig Liverpool fyrir þau frábæru fimm ár sem ég var þar. Mike Gordon [einn eigenda FSG sem á Liverpool] og til stuðningsmannanna: Takk fyrir mig,“ bætti hann við. Hann lofaði að koma sem fyrst aftur til Liverpool til að kveðja borgina, starfsmenn, leikmenn og stuðningsmenn.

Liverpool vildi alls ekki selja stjörnuleikmann sinn og reyndu eigendur félagsins meira að segja að fá hann lánaðan út tímabilið. En þeir borguðu aðeins 8,5 milljónir punda fyrir hann árið 2013 og boðið frá Barcelona var einfaldlega of gott til að hafna því.

Coutinho kolféll á læknisskoðun vegna meiðsla í læri og verður frá keppni til mánaðamóta. En Börsungum var slétt sama. Þeir höfðu tryggt sér sinn mann og brostu út að eyrum. **benediktboas@365.is**

## Eftirmenn Coutinho

Bresku blöðin voru ekki lengi að kokka upp sögur þar sem nánast hver einasti leikmaður heims virtist vera orðaður við Liverpool. Hér eru nokkrir sem heyrðust oftar en einu sinni og oftar en tvisvar.



**Riyad Mahrez** - Leicester
**Thomas Lemar** - Monaco
**Julian Draxler** - PSG
**Yannick Carrasco** - Atletico Madrid



**Nabil Fekir** - Lyon
**Alexis Sanchez** - Arsenal
**Manuel Lanzini** - West Ham

## Kolbeinn kíkir til Katar

Kolbeinn Sigþórsson, landsliðsmaður í fótbolta og leikmaður Nantes í Frakklandi, er staddur þessa dagana í Doha í Katar þar sem hann gengst undir síðasta legg endurhæfingar sinnar.

Kolbeinn hefur ekki spilað fótbolta síðan hann skoraði sigurmarkið gegn Englandi á Evrópumótinu í Frakklandi árið 2016. Í Katar er hann undir handleiðslu hinnar mikilsmetnu Aspetar-sjúkrastofnunar. Kolbeinn var að sjálfsögðu rifinn í viðtal sem birtist á Twitter-síðu Aspetar og þar segir hann að aðstaða sé fyrsta flokks og hann vonist til að snúa á völlinn í janúar.

**Það er draumur minn að komast á HM eins og allra annarra fótboltamanna.**

Kolbeinn Sigþórsson



**20**
**leikmenn spiluðu á HM árið 2014 sem höfðu verið í meðferð hjá Aspetar**

„Ég hef verið meiddur í eitt og hálft ár og þetta er síðasta skrefið í endurhæfingunni til að ég geti komist út á völl í janúar,“ segir hann meðal annars í viðtalinu.

Þá segir hann að draumur sinn sé eðlilega að komast í landsliðshóp Heimis Hallgrímssonar sem fer á Heimsmeistaramótið í Rússlandi í sumar. „Það er draumur minn að komast á HM eins og allra annarra fótboltamanna. Ég kem hingað með það í huga og vonandi verð ég hluti af íslenska hópnum. Það er þó enn langt í land en ég er jákvæður á að það geti gerst.“

Spurður um íslenska landsliðið segir Kolbeinn að Ísland sé alltaf litla liðið en úrslitin að undanförnu hafi sýnt að liðið geti unnið hvaða lið sem er, jafnvel þótt þau séu risar á knattspyrnusviðinu. „Af hverju ekki að hafa háleit markmið og reyna að ná þeim.“ **– bb**




Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín.
Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir.
Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

LYFJA – Lífið heil

**15% afsláttur**

**af öllu Nicotinell lyfjatyggigúmmí, öllum styrkleikum og pakkningarstærðum.**

**Gildir út janúar 2018**
lyfja.is

# FÓLK

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 9. JANÚAR 2018



Arnar Pétursson var sigursæll í Reykjavíkurmaraþoninu og og fleiru á árinu 2017. Hann var heiðraður sem mikilvægasti frjálsíþróttamaðurinn á uppskeruhátíð Frjálsíþróttasambandsins. →4




# Fresco – ferskt salat

Ferskur, næringarríkur og hollur matur er í aðalhlutverki á veitingastaðnum Fresco. „Við bjóðum upp á úrval af salatréttum en hver og einn getur líka valið sér salat að sínum smekk. Við erum einnig með fyrirtækjaþjónustu þar sem panta má gómsæta salatrétti og fá senda á vinnustaðinn," segir Einar Ásgeirsson, einn eigenda Fresco. →2



Framhald af forsíðu ➪

Frá því að Fresco var opnaður hefur staðurinn notið mikill vinsælda, enda margir sem vilja borða hollan og næringarríkan mat. Á matseðlinum hjá Fresco er fjöldinn allur af ljúffengum, fjölbreyttum salatréttum, og hægt er að fá salatið í skál eða vefju. Hver og einn getur líka látið útbúa salat að sínum smekk og í hverjum mánuði erum við með salat mánaðarins sem stundum ratar inn á fasta matseðilinn,“ segir Einar Ásgeirsson, hjá Fresco.

Staðurinn hefur hlotið lofsamlega dóma viðskiptavina, eins og sjá má á Facebook-síðu Fresco en þar fær hann fullt hús fyrir ferskleika, gott úrval og sanngjarnt verð. „Flestir koma til okkar í hádeginu en ferskt salat hentar ekki síður vel sem kvöldmatur en það er sá tími sem best er að borða léttan mat,“ bendir Einar á og bætir við að nú sé runninn upp sá tími þar sem margir taka mataræðið í gegn eftir veisluhöld jólanna. „Salötin frá Fresco eru góður kostur fyrir þá sem vilja bæta meiri hollustu inn í daglega lífið,“ segir hann.

## Salatdressing Fresco slær í gegn

Allir salatréttirnir hjá Fresco eru útbúnir sérstaklega fyrir hvern og einn viðskiptavin til að ferskleikinn haldi sér alla leið. „Allt salatið er skorið og sett í stóra skál og svo er alls konar góðgæti blandað saman við það. Uppistaðan í salatinu hjá okkur er romaine-salat, ruccola og spínat og síðan er hægt að blanda t.d. mangói, hnetum, kjúklingi og berjum saman við, svo dæmi sé nefnt,“ segir Einar en hjá Fresco er einstakt úrval af salatdressingu.

„Við bjóðum upp á sextán heimalagaðar dressingar sem eru hver annarri betri en þær eru lagaðar á staðnum á hverjum degi og því alltaf nýjar og ferskar. Ég held ég geti fullyrt að enginn annar salatstaður býður upp á jafngott úrval af dressingu,“ segir Einar.

## Fyrirtækjaþjónustan vinsæl

Fresco býður upp á sérstaka þjónustu fyrir fyrirtæki en hægt að hringja eða fara inn á heimasíðuna www.fresco.is og panta gómsæta salatrétti og fá senda á vinnustaðinn. „Við erum með heimsendingarþjónustu á stærri pöntunum fyrir vinnustaði og veislur, en þessi þjónusta nýtur æ meiri vinsælda. Áður en við opnum á morgnana erum við búin að útbúa fjöldann allan af salötum fyrir fyrirtæki. Við tökum við pöntunum með allt að tveggja til þriggja tíma fyrirvara,“ segir Einar.

Hjá Fresco er lögð áhersla á fjölbreytt úrval af salatréttum og matseðillinn tekur reglulega breytingum. „Við viljum bjóða okkar viðskiptavinum upp á nýjungar en um leið geta þeir gengið að sínu uppáhaldssalati vísu,“ segir Einar.

## Innihaldslýsing á heimasíðunni www.fresco.is

Á heimasíðu Fresco er hægt að skoða matseðilinn og þar kemur fram innihald réttanna, hitaeiningar, kolvetni, prótein og fita. „Salatið hjá Fresco hefur frá upphafi verið vinsælt hjá öllum aldurshópum. Viðskiptavinir okkar fá klippikort og þeir fá tíundu hverja máltíð frítt,“ segir Einar og bætir við að það hafi komið skemmtilega á óvart að eldra fólkið sé sífellt stærri hluti viðskiptavina Fresco.

„Þegar við opnuðum voru konur í miklum meirihluta en nú hefur kynjahlutfallið jafnað sig og meira að segja eru eldri karlmenn orðnir stór hluti af okkar viðskiptavinum. Það finnst mér góð þróun sem segir okkur að þeir séu orðnir meðvitaðri um hollustu þess að borða salöt,“ segir hann.

Fresco var opnaður árið 2014 og nú á tveimur stöðum, Suðurlandsbraut 4, s. 571-1642 og Suðurlandsbraut 48, eða í Bláu húsunum, s. 555-4477. Netfang: fresco@fresco.is, heimasíða: www.fresco.is. Fresco er opið alla daga frá kl. 11.00-21.00.



„Við bjóðum upp á sextán heimagerðar dressingar sem eru hver annarri betri en þær eru lagaðar á staðnum á hverjum degi og alltaf ferskar,“ segir Einar. MYND/STEFÁN



Fjölmörg fyrirtæki nýta sér þjónustu Fresco og bjóða starfsfólki brakandi ferskt salat í hádeginu.



Það er viðkunnanlegt að koma í hádeginu og fá sér eitthvað létt og gott.




Salatréttur janúarmánaðar er winter bowls, eða vetrarskálin.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar
Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@365.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@365.is s. 512 5338

Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.Is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.Is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.Is, s. 512 5433 | Ruth Bergsdóttir, ruth@365.is, s. 512 5095,

# Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 9. JANÚAR 2018

# Nær fullkomnun varla komist




Með nýrri kynslóð Porsche Panamera er fædd fegurðardís, hvað þá í þessari Sport Turismo útfærslu. →6

NIELSEN




GLANSANDI HREINN BÍLL!

Viltu þvo bílinn þinn að utan, bóna, pússa rúður, þrífa mælaborðið eða innréttinguna, jafnvel fríska upp á litinn á hjólbörðunum? Það eru til viðeigandi gæðahreinsiefni í Nielsen vörulínunni fyrir hvað sem þú vilt gera.

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver **515 1100** | rekstrarland.is

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís



# Faðir Rotary vélarinnar allur

## Kenichi Yamamoto varð forstjóri Mazda eftir nær fjögurra áratuga starf.

Japanski verkfræðingurinn Kenichi Yamamoto, sá er bjó til Rotary-vélina, er fallinn frá 95 ára að aldri. Yamamoto fæddist í Hiroshima en útskrifaðist sem verkfræðingur frá Tokyo Imperial University árið 1944. Hann sneri aftur til fæðingarstaðar síns eftir seinni heimsstyrjöldina aðeins til að finna æskuheimili sitt í rústum eftir kjarnorkusprenginguna í Hiroshima, auk þess að fá þær fréttir að yngri systir hans hefði dáið í sprengingunni.

Til að hjálpa fjölskyldu sinni hóf Yamamoto starf hjá verksmiðju í Hiroshima sem framleiddi trukka. Á aðeins tveimur árum vann hann sig frá því að vera verkamaður upp í yfirmannsstöðu og fékk fljótt það verkefni að hanna nýja vél í bíl sem bera myndi merki Mazda. Fljótlega eftir það var Yamamoto kominn í teymi með öðrum verkfræðingum hjá Mazda sem höfðu það verkefni með höndum að hanna nokkrar gerðir af Rotary-vélum sem knýja myndu bíla Mazda, meðal annars hinn goðsagnakennda Cosmo Sport bíl Mazda með Twin-Rotary vél.

Yamamoto hélt áfram að klifra upp virðingarstigann hjá Mazda og var settur yfirmaður rannsókna og þróunar hjá fyrirtækinu á áttunda áratug síðustu aldar. Hann varð forstjóri Mazda árið 1985 og stjórnarformaður fyrirtækisins tveimur árum síðar. Undir hans yfirstjórn rann upp blómaskeið Mazda í akstursíþróttum þar sem Mazda hafði meðal annars sigur í LeMans-þolaksturskeppninni árið 1991 með bíl sem knúinn var Rotary-vél. Ári seinna lét hann af störfum hjá Mazda.



Volvo trukkur á sýningu.

# Geely kaupir í Volvo Trucks

Kínverski bílaframleiðandinn Geely heldur áfram fjárfestingum sínum í evrópskum bílaiðnaði og hefur nú keypt 8,2% hlutabréfa í trukkaframleiðslu Volvo sem ber nafnið AB Volvo. Fyrir þennan hlut í Volvo Trucks þurfti Geely að greiða tæplega 350 milljarða króna.

Geely keypti hlutinn af fjárfestingafélaginu Cevian Capital. Geely á fyrir öll hlutabréf í Volvo Cars, sem og Lotus og London Taxi. Það gerir það þó ekki að verkum að Geely hafi í hyggju að sameina AB Volvo og Volvo Cars að nýju. Með þessum kaupum er Geely orðinn stærsti eigandinn í AB Volvo.

Þessi kaup Geely voru alfarið að þeirra eigin frumkvæði, en Cevian Capital hafði engin áform um að selja hlut sinn. Cevian Capital hagnaðist hins vegar umtalsvert á sölunni en félagið hefur átt þessi bréf í AB Volvo frá árinu 2006.

Hlutabréf í AB Volvo hafa hækkað um 50% á þessu ári og er það mikilli eftirspurn eftir trukkum í heiminum helst að þakka. Hlutabréf hafa einnig hækkað mjög undanfarið hjá öðrum trukkaframleiðendum, svo sem Benz og MAN.

# Ford gæti hætt framleiðslu Mondeo-bílsins

## Ákvarðanir um að hætta framleiðslunni í Mexíkó og á Spáni benda til þess að dagar Mondeo séu brátt taldir.




Ford Mondeo árgerð 2017.

Ólíklegt er að Ford Mondeo verði á meðal framleiðslubíla Ford árið 2020, að minnsta kosti er harla ólíklegt að hann verði í boði í Bandaríkjunum þá. Ford hefur tekið ákvörðun um það að framleiðslu hans verði hætt í Mexíkó, en þar eru þeir Mondeo-bílar framleiddir sem seldir eru í Bandaríkjunum, reyndar undir nafninu Fusion.

Mondeo er einnig framleiddur fyrir Evrópumarkað í Valencia á Spáni og hefur verið tekin ákvörðun um að hætta framleiðslunni þar. Mondeo er líka framleiddur í Kína og verður líklega í boði þar lengur, en engir Mondeo-bílar verða fluttir frá Kína til Bandaríkjanna eða Evrópu. Ford hefur ekki gefið út neina yfirlýsingu um dauða Mondeo, en þessar ákvarðanir um að hætta framleiðslunni í Mexíkó og Spáni benda til þess að dagar Mondeo séu brátt taldir.

Forstjóri Ford, Jim Hackett, segir að Ford hafi ekki tekið endanlega ákvörðun um tilvist Mondeo en þessar ákvarðanir bendi til þess að bíllinn eigi ekki framtíðina fyrir sér.

### Salan hríðfallið á síðustu árum

Sala Mondeo í Bandaríkjunum hefur hríðfallið á síðustu árum og í nóvember síðastliðnum minnkaði hún um 22% á milli ára. Mondeo hefur lengi verið langt á eftir Toyota Camry og Honda Accord í sölu vestanhafs, en þessir tveir japönsku bílar hafa verið ráðandi í sölu í þessum stærðarflokki.

Á undanförnum árum hefur sala jepplinga og jeppa í Bandaríkjunum, og reyndar víðar, tekið mikið af sölu bíla í þeim stærðarflokki sem Mondeo er í og sífelldur samdráttur hefur verið í sölu bíla allra framleiðenda í þessum flokki. Því má búast við að fleiri bílaframleiðendur hætti framleiðslu slíkra bíla á næstu árum, en á móti muni jeppum og jepplingum fjölga mjög.

# Subaru brillerar í Bandaríkjunum

## Tveir af hverjum þremur bílum sem Subaru framleiðir eru seldir í Bandaríkjunum og þar seljast 17 sinnum fleiri Subaru-bílar en í Evrópu.



Subaru Forester.

Subaru-bílar hafa á síðustu árum runnið út eins og heitar lummur í Bandaríkjunum og mikill og stöðugur vöxtur verið í sölunni á hverju ári. Nýliðið ár var engin undantekning á því þar sem Subaru seldi alls 647.956 bíla þar.

Nýliðinn desember var besti sölumánuður Subaru vestanhafs frá upphafi og seldi fyrirtækið þá 63.342 bíla, eða nálægt því 10% af heildarsölu ársins.

Forvitnilegt er að bera saman sölu Subaru-bíla í Evrópu og í Bandaríkjunum, en árið 2016 seldust 37.189 Subaru-bílar í Evrópu, eða ríflega 17 sinnum færri bílar en seldust í fyrra í Bandaríkjunum.

### ⅔ Subaru-bíla seldir í Bandaríkjunum

Reyndar er staðreyndin sú að tveir af hverjum þremur bílum (67,1%) sem Subaru framleiðir eru seldir í Bandaríkjunum en aðeins 4,6% í Evrópu. Árið 2010 voru Bandaríkin með 48,3% og Evrópa 8,5%. Salan í Asíu er 23,1%.

Það hefur gagnast Subaru mjög hvernig samsetning bílgerða þeirra er og bílar eins og Outback, Forester og XV hafa runnið út líkt og jepplingar annarra bílaframleiðenda.

Sömu sögu er ekki að segja um fólksbíla Subaru, nema nýja gerð Impreza-bílsins, en sala Impreza jókst um 55% í Bandaríkjunum í fyrra. Legacy, BRZ og WRX/STI seldust hins vegar verr í fyrra en árið á undan.




Í 65 ár hefur Land Cruiser drottnað yfir landslaginu og nú skartar þessi fjórhjóladrifni konungur jeppanna nýju útliti, ytra sem innra. Hann státar af nýju mælaborði með stærri skjá og nýjum eiginleikum á borð við Toyota Safety Sense sem auka enn á öryggið sem alltaf hefur verið hluti af sterkbyggðri gæðahönnun jeppans sem einfaldlega toppar allt.

- **Nýr Land Cruiser 150 býðst með 33" breytingu að kostnaðarlausu**
- **2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Land Cruiser 150**

Kynntu þér Toyota FLEX, frábæra leið til að eignast nýja Toyota bifreið á www.toyota.is

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# BÍLAR



Bentley Bentayga er dýrasti jeppi sem fá má.

## Bentley Bentayga fær V8 vél og rafmótora

### Tvær nýjar vélargerðir eiga að tryggja aukna sölu með lægra verði.

Fram að þessu hefur hinn dýri lúxusjeppi Bentley Bentayga verið í boði með W12 bensínvél sem er 600 hestöfl og 429 hestafla V8 dísilvél. Bentley ætlar hins vegar brátt að bjóða tvo aðra vélarkosti í jeppann og ekki kemur á óvart að annar kosturinn sé í formi tengiltvinnaflrásar.

Líkt og Porsche tilheyrir Bentley Volkswagen Group bílasamstæðunni og mun Bentayga líklega fá sömu tengiltvinnaflrás og finna má í Porsche Panamera E-Hybrid sem skilar 462 hestöflum til allra hjólanna. Einnig verður í boði sama V8 bensínvélin og finna má í Porsche Cayenne Turbo, en hún er 550 hestöfl og til að tryggja yfirburði W12 útgáfunnar þá mun hún skila ámóta afli í Bentayga og í Porsche-jeppanum. Báðar þessar gerðir Bentayga verða ódýrari en W12 útgáfan og veitir víst ekki af.

Þessi fjölgun vélarkosta ætti að tryggja aukna sölu á bílnum fríða þar sem fleiri kaupendur hafa efni á að kaupa hann. Báðir nýju vélarkostirnir ættu að verða í boði frá og með næsta sumri.



Ford Ranger Raptor í prófunum.

## Ford Ranger Raptor á leiðinni

Ford hefur framleitt hinn vinsæla F-150 pallbíl í kraftaútgáfu undir nafninu Raptor. Nú hefur frést að Ford ætli að kynna minni Rangerbíl sinn einnig í kraftaútfærslu og það með Raptor nafninu. Ford mun sýna bílinn þann 7. febrúar og það á fremur óvenjulegum stað, í Bangkok í Taílandi.

Aðalvélarkosturinn í Ranger Raptor verður 3,5 lítra V6 EcoBoost vélin og í bílnum mun hún skila 443 hestöflum til allra hjólanna og 691 Nm togi. Það ætti að duga vel til að koma þessum talsvert léttari bíl en F-150 vel úr sporunum. Ekki mun skorta gírafjöldann í nýrri sjálfskiptingu, en þeir verða 10 talsins og það ætti að tryggja að bíllinn sé ávallt á réttum snúningi og að allt afl vélar hans nýtist sem best.

Ford Raptor er að ganga í gegnum kynslóðaskipti og Raptor-útfærsla hans verður af nýrri kynslóð bílsins. Raptor-útfærslan verður, líkt og með F-150 Raptor, hærri á vegi en grunnbíllinn og með öflugri fjöðrun og á stærri dekkjum. Það mun líka sjást á útlitinu að þar er Raptor á ferð með meiri hlífðarplötum og viðeigandi merkingum.

Heyrst hefur að Ford muni kynna hefðbundna gerð nýrrar kynslóðar Ranger strax í þessum mánuði á Detroit Auto Show sem verður opnuð eftir fimm daga. Líklegt er þó að Ranger og Ranger Raptor komi ekki í sölu fyrr en á seinni helmingi ársins.

Ford Ranger Raptor verður smíðaður í Wayne-verksmiðju Ford í Michigan.



Nýi jeppi Alfa verður lengri gerð þessa Stelvio bíls.

# Sjö sæta Alfa Romeo jeppi

### Verður stærsti bíll sem Alfa Romeo hefur framleitt og verður vélaraflið á milli 350 og 400 hestöfl.

Alfa Romeo hefur aðeins boðið sinn eina og fyrsta jeppa, Stelvio, í rúmt ár en áformar nú nýja og stærri gerð jeppa sem byggður verður á sama undirvagni og Stelvio.

Þessi jeppi verður stærsti bíll sem Alfa Romeo hefur nokkurn tíma framleitt og á að hafa rými fyrir 7 farþega. Ekki er enn komið nafn á þennan fyrirhugaða jeppa en hann verður með Mild-Hybrid kerfi sem fær meðal annars afl frá 48 volta rafmagnsforþjöppu. Búist er við því að afl jeppans verði á bilinu 350 til 400 hestöfl þrátt fyrir að sprengirými hans sé aðeins 2,0 lítrar. Það er nokkru meira en hinn 280 hestafla Stelvio sem þó telst enginn letingi.

**» Líkt og hjá mörgum öðrum bílaframleiðandanum um þessar mundir telja þeir hjá Alfa Romeo að stór jeppi sé vænlegri söluvara.**

Alfa Romeo horfir til bílanna Audi Q7 og Volvo XC90 sem helstu keppinauta nýja jeppans. Audi býður Q7 jeppa sinn með 3,0 lítra og 333 hestafla vél og víst er að Alfa Romeo vill ekki að jeppi þeirra verði eftirbátur hans. Úr herbúðum Alfa Romeo hefur einnig heyrst að til greina komi að hætta smíði 4C-bílsins vegna dræmrar sölu.

Líkt og hjá mörgum öðrum bílaframleiðandanum um þessar mundir telja þeir hjá Alfa Romeo að stór jeppi sé vænlegri söluvara, en vonandi mun Alfa Romeo halda áfram að smíða fallega og öfluga fólksbíla með mikla akstursgetu.

# Besta ár Benz frá upphafi

### Seldi tæplega 2,3 milljónir bíla í fyrra og eykur fyrir vikið bilið á BMW og Audi.



Nýliðið ár var ekki bara besta söluár Mercedes Benz frá upphafi heldur sjöunda árið í röð sem Benz slær eigið sölumet. Mercedes Benz seldi alls 2.289.344 bíla á síðasta ári og var með því söluhæsta lúxusbílamerki heims, líkt og í fyrra. Salan jókst um 9,9% á milli ára.

Þennan frábæra árangur er ekki síst að þakka stóraukinni sölu Benz í Kína, en söluaukningin þar í fyrra nam 25%, en hún var 6,4% í Evrópu. Evrópa er samt enn þá stærsta sölusvæði Benz og seldi fyrirtækið 955.000 bíla þar í fyrra og af þeim seldust 300.000 í Þýskalandi.

Stöðug og viðvarandi söluaukning er hjá Benz sem lýsir sér ekki síst í því að síðasti mánuður, þ.e. desember, var söluhæsti mánuður fyrirtækisins frá upphafi og fjórði ársfjórðungur síðasta árs var einnig söluhæsti ársfjórðungur Benz frá upphafi.

Gríðarlega góð sala var í jeppum Benz á árinu, en engu að síður er fólksbíllinn C-Class enn söluhæsta bílgerð Mercedes Benz með yfir 415.000 bíla selda. Nokkuð ljóst má telja að Mercedes Benz er með þessari miklu aukningu í fyrra að fjarlægjast meira Audi, BMW og Lexus í heildarsölu og með því að tryggja sig enn betur sem stærsti lúxusbílaframleiðandi heims. Má búast við því að Benz haldi þeim titli á komandi árum.








Brandenburg | SÍA

# Nýr X-Class.
# Frumsýndur laugardaginn 13. janúar.

Við kynnum Mercedes-Benz X-Class, nýjan pallbíl sem brúar bilið milli atvinnutækis og fólksbíls. Traustur, sterkbyggður, áreiðanlegur og hentar þér hvert sem leiðin liggur.

Þessi einstaki pallbíll verður frumsýndur á laugardaginn milli kl. 12 og 16 á tveimur stöðum. Á Fosshálsi bjóðum við atvinnumönnum að skoða vinnuþjarkinn X-Class og fá kynningu frá sérfræðingum Arctic Trucks á breyttum útgáfum af bílnum. Á Krókhálsi býðst þér að skoða X-Class ásamt öllum fólksbílaflota Mercedes-Benz.

Komdu og reynsluaktu Mercedes-Benz X-Class. Hlökkum til að sjá þig.

Mercedes-Benz

Bílaumboðið Askja · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur okkur á Facebook
„Mercedes-Benz Ísland“








KOSTIR OG GALLAR

**PORSCHE PANAMERA TURBO S E-HYBRID SPORT TURISMO**

- 4,0 LÍTRA BENSÍNVÉL OG RAFMÓTORAR
- 680 HESTÖFL

**Eyðsla frá:** 3,0 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 66 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 3,4 sek. í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 310 km/klst.
**Verð frá:** 23.900.000 kr.
**Umboð:** Bílabúð Benna



# Nær fullkomnun varla komist

Með nýrri kynslóð Porsche Panamera er fædd fegurðardís, hvað þá í þessari Sport Turismo útfærslu. Er öflugasti framleiðslubíll Porsche með 680 hestafla tvinnaflrás, enda aðeins 3,4 sekúndur í hundraðið.

Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is



Það er ekki á hverjum degi sem ökumönnum stendur til boða að aka 680 hestafla tryllitækjum, hvað þá af nýjustu og fáguðustu gerð frá Porsche. Þessi draumur var þó uppfylltur á dögunum á ekki verri stað en í nágrenni Malaga á Suður-Spáni og Porsche Panamera Turbo S E-Hybrid Sport Turismo tekinn þar til kostanna.

Þar voru samankomnir bílablaðamenn víða að úr heiminum og á andlitum þeirra mátti greina tilhlökkun, ekki síst í ljósi þess að einnig var í boði brautarakstur á 718 Cayman og Boxster GTS bílum á Ascari-brautinni, en hún er ekki svo langt frá Malaga. Það telst líklega ekki slæmt plan að aka Porsche Panamera Turbo S E-Hybrid á annað hundrað kílómetra að Ascari-brautinni og setjast svo upp í 365 hestafla Cayman- eða Boxster-bíla og glíma við brautina og taka svo Panameruna aftur til baka.

## Langt nafn á löngum bíl

Porsche Panamera Turbo S E-Hybrid Sport Turismo er með eitt lengsta nafn bílasögunnar, en kannski þarf bara svo langt nafn fyrir lengd hans og öll þau hestöfl sem hann skartar. Svo mikið er af þeim að bíllinn telst öflugasti framleiðslubíll Porsche. Aflið kemur frá 550 V8 bensínvél og 136 hestafla rafmótorum og saman henda þau þessum risastóra fjölskyldubíl í 100 km hraða á 3,4





# BÍLAR

- Útlit
- Afl
- Eyðsla
- Akstursegineikar

- Skottrými takmarkað vegna rafhlaðna

sekúndum og hámarkshraðinn er 310 km/klst. Fáheyrt það og einkar áhrifamikið. Þrátt fyrir allt aflið er uppgefin eyðsla bílsins 3,0 lítrar, þökk sé rafmótorunum sem einir og sér duga til 49 km aksturs og með þeim eingöngu má ná allt að 140 km hraða.

Þessi tengiltvinnútgáfa Panamera Turbo S er um 140 kílóum þyngri vegna rafhlaðnanna og rafmótoranna en er fyrir vikið með enn lægri þyngdarpunkt og það þýðir bara eitt, hann liggur bara enn betur á vegi.

## Nýja kynslóðin fegurðin ein

Þegar Porsche kynnti fyrst Panamera bílinn árið 2009 voru afar skiptar skoðanir um útlit hans. Nú með nýrri kynslóð bílsins í ár hafa óánægjuraddirnar að mestu þagnað og þykir flestum hann hið mesta augnakonfekt og ekki síst þessi Sport Turismo útfærsla hans. Bíllinn er að mati greinarskrifara geggjaður, augun standa á stilkum og tungan úti. Ekki tekur verra við þegar massívar hurðirnar eru opnaðar og við blasir ein fallegasta innrétting sem smíðuð hefur verið. Það er náttúrulega ekki að spyrja að innra útlitinu þegar Porsche er annars vegar, en vá, þarna blasir við ein fegursta sýn sem bílaáhugamenn hafa séð.

Allt er þetta dásamlegt hvað útlitið varðar, en þessi bíll snýst





ekki um það. Hann er umfram allt draumur í dós þegar akstur á honum tekur við. Að liggja eins og klessa fær nýja merkingu og það að finna hvernig bakið þrýstist að geggjuðu ökumannssætinu við hámarksinngjöf nær gæsahúðinni fram.

Allt gerist þetta með svo mikilli fágun samt að ökumanni finnst hann allt í einu konungborinn. Konungur vegarins er hann sannarlega og sannaði það á ári fljótt þegar hann líkt og af eigin vilja var kominn yfir 250 km hraða á fáránlega stuttum tíma. Samt gerðist það allt svo áreynslulaust og mikið vildi hann meira, en svitaholurnar þoldu álagið ekki eins vel.

## Engir ókostir nema skottrými

Meiningin var að aka ekki bara 718 Cayman og Boxster GTS bílunum á Ascari-brautinni, heldur einnig þessum 5 metra og 2,3 tonna lúxusbíl og sjá hvort hann væri eins fimur og minni bílarnir að glíma við beygjurnar þar. Það varð þó aldrei í boði því sú mesta rigning sem greinarritari hefur séð helltist úr himnunum þennan daginn og huldi brautina svo miklu vatni að engin leið var að hleypa nokkrum á hana við hraðakstur. Slíkt hefði talist hin mesta goðgá. Svo mikil var reyndar rigningin á fjallaleiðinni að brautinni að hinir einkennilegustu lækir, fullir af möl og drasli, runnu yfir vegina og gerðu það að verkum að oft varð hægt að fara til að skemma ekki þennan dýrgrip. Það verður því að bíða betri tíma að sjá hvernig þessi bíll stendur sig í braut, en líklega vantar hann ekki aflið til upptöku eftir hverja beygju.

Ekkert vit er í að hefja upptalningu á öllum þeim tæknibúnaði sem í þessum bíl er, en sem dæmi þá er 14 hátalara frábært 710 vatta Bose-hljóðkerfi staðalbúnaður, þó fá megi enn betra hljóðkerfi með sérpöntun. Það er leitin erfiða að finna ókost við þennan hrikalega vandaða bíl frá Porsche. En þó kannski einn, hann er með óvenju lítið skottrými miðað við að vera Sport Turismo bíll, eða 425 lítra. Allt annað er sennilega eins og hlutirnir eru í himnaríki.


Iðnaðarmenn, verktakar og aðrir, kerrurnar frá HUMBAUR hafa margsannað sig á Íslandi, stórar sem smáar!



Tveggjaöxlakerra, 2500kg, gerð 2331, mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan. Verð kr. 431.452, - án vsk.



Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg, mál frá 2,65x1,65m til 6,10x2,48m.







750kg kerra, gerð 1384, mál: 251x131x35cm með sturtum. Verð kr: 229,839,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1374, mál: 251x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 201,612.- án vsk.







750kg kerra, gerð 1376, mál: 205x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 169,355.- án vsk.



Startrailer 750kg, gerð 1280, 205x109, mál: 5x30cm. Verð kr: 120,888,- án vsk.

Topplausnir

WWW.TOPPLAUSNIR.IS / S: 517 7718

SMIÐJUVEGI 40, GUL GATA, KÓPAVOGI

# Nýr og breyttur BMW X3 kynntur

Er 55 kílóum léttari með aukinni notkun áls og koltrefja.

Bílaumboðið BL kynnir nú á laugardag, 13. janúar milli klukkan 12 og 16, þriðju kynslóð sportjeppans BMW X3 sem mörgum hér á landi er að góðu kunnur í núverandi xDrive-útgáfu. X3-bíllinn hefur verið einn af söluhæstu bílum BMW mörg undanfarin ár. Nefna má að rúmlega 1,5 milljónir af X3 hafa verið seldar síðan bíllinn kom á markað 2003 og skömmu fyrir áramót völdu lesendur Auto Zeitung hann sem besta sport- og útvistarbílinn í sínum flokki. Með nýrri kynslóð X3 leitast BMW við að fylgja eftir vinsældum bílsins, m.a. með því að auka staðalbúnað, litaúrval og aðra kosti við samsetningu á útfærslum í samræmi við óskir viðskiptavina. Einnig hefur tæknilausnum fjölgað, m.a. hvað varðar aðstoð við akstur og síðast en ekki síst hafa verið gerðar ýmsar útlitsbreytingar til að skerpa á nýjungunum og sportlegum eiginleikum bílsins.



### Aukin notkun áls og koltrefja

Við smíði nýja bílsins hefur BMW aukið notkun áls og koltrefja í undir- og yfirbyggingu auk notkunar annarra efna í innréttingu sem gera að verkum að nýr X3 er 55 kg léttari en fyrri gerð. Þá hefur litaúrval einnig verið aukið. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á útliti bílsins, m.a. til að minnka loftmótstöðu. Nýrnalaga framgrillið hefur verið stækkað auk þess sem lóðréttir rimlar þess gegna enn virkara hlutverki við stjórnun loftflæðis. Bíllinn hefur fengið stærri framluktir með LED-lýsingu ásamt því að sambyggður stuðari og svunta með innbyggðu þokuljósunum hafa tekið ferskum breytingum sem skerpa á afgerandi línunum. Að aftan er helsta breytingin sú að komin eru ný afturljós og nú eru allra útfærslur bílsins með tvöfalt púst. Í farþegarýmið eru komin ný efni í innréttingu, geymslupláss í miðjustokki hefur verið aukið og komið er nýtt leðurklætt fjölaðgerðastýri.

**»Nú má velja um nýja þriggja lítra, sex strokka, 265 hestafla dísilvél.**

### 265 hestafla dísilvél

Eins og áður er grunngerð X3 búin ríkulegum staðalbúnaði. BMW hefur þó aukið við staðalbúnað nýja bílsins, svo sem með 18" álfelgum, rafdrifnum afturhlera, nálgunarvara, bakkmyndavél, sjálfvirkri stæðalögn og rúmlega 10 tommu litaskjá í mælaborði. BL býður nýjan X3 þar sem velja má um tvær dísilvélar með forþjöppu sem báðar eru búnar 8 gíra Steptronic-sjálfskiptingu BMW. Annars vegar er um að ræða uppfærslu á tveggja lítra, fjögurra strokka 190 hestafla xDrive-vélinni og hins vegar má velja um nýja þriggja lítra, sex strokka, 265 hestafla dísilvél. BMW X3 xDrive 20d kostar frá 7.590 þús. króna.

# Benz X-Class er mættur

Mikil eftirvænting hefur verið eftir fyrsta pallbíl heims í lúxusflokki, Mercedes Benz X-Class. Hann er nú mættur til landsins og verður kynntur hjá Öskju um næstu helgi.



Tími jeppa, jepplinga og pallbíla hefur líklega aldrei verið bjartari í heiminum og nú og bílaframleiðendur keppast við að tefla fleiri bílum fram til að svara eftirspurninni. Mercedes Benz hefur á síðustu árum fjölgað mjög bílgerðum sínum í jeppa- og jepplingaflokki, en hefur fram að þessu ekki teflt fram pallbíl. Það hefur nú breyst og mikið hefur verið fjallað um væntanlega komu X-Class pallbíls Benz, en hann er nú kominn til Íslands. Tilkoma þessa pallbíls markar þau tímamót að hér er kominn fyrsti pallbíllinn í lúxusflokki frá upphafi, en allir bílar Mercedes Benz falla í lúxusflokk.

### Bíllinn prófaður á Suðurlandinu

Askja bauð greinarritara og öðrum bílablaðamönnum að reyna þennan nýja og spennandi bíl fyrir skömmu á Suðurlandinu og þar var honum boðið upp á torfærur og heilmikinn snjó til að glíma við. Reyndist hann afar dugandi bíll sem einstaklega gaman er að leika sér á við erfiðar aðstæður, en einnig var hann ljúflingur á malbikinu. Bíllinn er með hátt og lágt drif sem gagnaðist vel í slarkinu og flestir X-Class bílar sem Askja mun flytja inn verða að auki með splittað drif að aftan. Fyrstu bílarnir sem komnir eru til landsins fengust þó ekki þannig búnir. Þessir bílar er með 190 hestafla og 2,3 lítra og fjögurra strokka dísilvél sem togar 450 Nm. Benz framleiðir einnig bílinn með 163 hestafla útgáfu þessarar vélar og heitir bíllinn þá X 220d og bílarnir sem prófaðir voru bera stafina X 250d. Með þessari stærri vél er X-Class 10,9 sekúndur í hundraðið en tveimur sekúndum seinni með aflminni vélinni. Hámarkhraðinn með aflmeiri vélinni er 184 km/klst.

### Burðargetan yfir tonn og 3.250 kg dráttargeta

Það eru þó ekki þessar tölur sem mesta athygli vekja, bíllinn er fær um að bera meira en tonn á pallinum og draga 3.250 kg aftanívagn. Þarna er því því kominn heilmikill vinnuhestur. En talandi um vinnuhest þá er það ekki það fyrsta sem ökumanni dettur í hug þegar hann situr í bílnum og horfir yfir glæsta innréttingu hans, enda eins og áður segir er hér lúxusbíll á ferð. Hann skynjast líka sem lúxusbíll við aksturinn og gormafjöðrunin að aftan eykur mjög við akstursgæðin. Þó svo að þessi X-Class sé framleiddur í samstarfi við Nissan og bíllinn eigi ansi margt sameiginlegt með Nissan Navara þá hefur Mercedes Benz þó gert margar jákvæðar breytingar á bílnum, sem farið var yfir með sérfræðingum í Arctic Trucks. Voru þeir heimsóttir til að kynnast þeim 33 og 35 tommu breytingum sem Arctic Trucks ætlar að annast og er allt til reiðu til að þjónusta nýja kaupendur á X-Class í þeim efnum.



**Á akstrinum um suðurströndina mætti bílnum töluverð ófærð sem hann kláraði með sóma.**

# SUZUKI NOTAÐIR BÍLAR



**CHEVROLET Cruze.**

Skr. 12/2014,
ekinn 20 Þ.KM,
dísel,
sjálfskiptur.

**Verð 2.480.000.**

Rnr.101404.



**SUZUKI Vitara GL+.**

Skr. 04/2016,
ekinn 76 Þ.KM, bensín,
5 gírar.

**Verð 2.780.000.**

Rnr.101880.



**SUZUKI Grand Vitara Premium.**

Skr. 12/2010,
ekinn 112 Þ.KM,
bensín,
5 gírar,
dráttarbeisli.

**Verð 1.850.000.**

Rnr.101900.



**SUZUKI Jimny JLX.**

Skr. 04/2010,
ekinn 32 Þ.KM,
bensín,
sjálfskiptur.

**Verð 1.380.000.**

Rnr.101902.



**VW Polo Trendline.**

Skr. 06/2013,
ekinn 73 Þ.KM,
bensín,
5 gírar.

**Verð 1.180.000.**

Rnr.101749.



**HYUNDAI i20 Classic.**

Skr. 06/2011,
ekinn 120 Þ.KM,
bensín,
5 gírar.

**Verð 890.000.**

Rnr.101651.



**HYUNDAI i30 Classic II.**

Skr. 05/2014,
ekinn 79 Þ.KM,
bensín,
6 gírar.

**Verð 1.490.000.**

Rnr.101664.



**HYUNDAI I20 Classic.**

Skr. 05/2014,
ekinn 46 Þ.KM,
dísel,
6 gírar.

**Verð 1.490.000.**

Rnr.101602.



**SUZUKI Alto GL.**

Skr. 12/2014,
ekinn 39 Þ.KM,
bensín,
5 gírar.

**Verð 1.190.000.**

Rnr.101696.



**SUZUKI Kizashi AWD.**

Skr. 01/2013,
ekinn 53 Þ.KM,
bensín,
sjálfskiptur,
leður,
sóllúga o.fl.

**Verð 2.980.000.**

Rnr.101836.



**SUZUKI Jimny JLX.**

Skr. 06/2015,
ekinn 101 Þ.KM,
bensín,
5 gírar.

**Verð 1.750.000.**

Rnr.101859.



**SUZUKI SX4 S-Cross GL All Grip.**

Skr. 07/2016,
ekinn 48 Þ.KM,
bensín,
sjálfskiptur.

**Verð 3.550.000.**

Rnr.101768.



**SUZUKI Vitara GLX.**

Skr. 04/2016,
ekinn 59 Þ.KM,
dísel,
sjálfskiptur,
sóllúga o.fl.

**Verð 3.690.000.**

Rnr.101895.



**TOYOTA Yaris Terra.**

Skr. 06/2010,
ekinn 119 Þ.KM,
bensín,
5 gírar.

**Verð 890.000.**

Rnr.101871.



**SUZUKI Grand Vitara Luxury.**

Skr. 12/2010,
ekinn 55 Þ.KM,
bensín,
sjálfskiptur,
leður,
sóllúga.

**Verð 2.080.000.**

Rnr.101904.



**SUZUKI Grand Vitara Limited.**

Skr. 08/2005,
ekinn 123 Þ.KM,
bensín,
sjálfskiptur,
leður,
dráttarbeisli.

**Verð 880.000.**

Rnr.101898.



**SUZUKI Baleno GL.**

Skr. 07/2016,
ekinn 33 Þ.KM,
bensín,
5 gírar.

**Verð 1.880.000.**

Rnr.101866.



**HONDA Jazz LS.**

Skr. 07/2008,
ekinn 123 Þ.KM,
bensín,
5 gírar.

**Verð 780.000.**

Rnr.101855.

SUZUKI

**Komdu og skoðaðu úrvalið**

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

KOSTIR OG GALLAR
**LEXUS NX 300H**

- 2,5 LÍTRA BENSÍNVÉL
- 197 HESTÖFL
- FJÓRHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 5,0 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 116 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 9,2 sek.
**Hámarkshraði:** 180 km/klst.
**Verð frá:** 6.930.000 kr.
**Umboð:** Lexus á Íslandi

Kostir:
- Eyðsla
- Frágangur
- Verð
- Lág bilanatíðni

Gallar:
- Þyngd bílsins hamlar akstursfimi

# Sá kantaði batnar enn

Aðeins eru 3 ár liðin frá tilkomu Lexus NX en strax er komin fram endurbætt gerð hans og þar fer enn betri lúxusbíll. Þó NX 300h sé ekki fimasti akstursbíllinn í jepplingaflokki vega margir kostir hans upp þann galla.





Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is

Þó að einungis þrjú ár séu liðin frá því að Lexus kynnti NX-jepplinginn er strax komið að uppfærslu hans. Ekki nóg með það heldur hefur hann einnig gengið í gegnum nafnbreytingu því NX 200t bíllinn heitir nú NX 300 og ef hann er einnig búinn Hybrid-kerfi ber hann nafnið NX 300h. Svo vel hefur NX-jepplingnum verið tekið að hann stendur fyrir meira en 30% allra seldra Lexus-bíla í Evrópu alveg frá því hann var kynntur árið 2014. Hann hefur einnig selst miklu betur en Lexus-menn þorðu að vona á öðrum bílamörkuðum. Svo vel seljast reyndar Hybrid-bílar Lexus að þeir eru með 40% alls Hybrid-bílamarkaðarins í Evrópu. Til að tryggja áframhaldandi vinsældir NX hefur hann nú fengið andlitslyftingu og þrátt fyrir að djarfar og sterkar línur hans haldi sér að mestu þá er bíllinn kominn með nýtt grill og framstuðara, ný LED-framljós, ný afturljós, nýjar afar flottar álfelgur, stærri 10,3 tommu aðgerðaskjá, nýja stórgóða fjöðrun, betri hljóðeinangrun og síðast en ekki síst er bíllinn kominn með Lexus Safety System+ öryggiskerfið. Þá eru komnir fleiri litir að velja úr í vandaðri innréttingunni.

## Dugandi og sparneytin aflrás

Lexus NX er með 2,5 lítra bensínvél og rafmótora sem saman skila 197 hestöflum. Með þessa aflrás eyðir bíllinn aðeins 5,0 lítrum á hverja 100 km í blönduðum akstri og verður það að teljast gott fyrir svo stóran bíl. Mengunin er aðeins 116 g/km og hjálpar svo lág tala við að halda niðri verði á bílnum. Til að forðast allan misskilning þá er NX 300h ekki Plug-in-Hybrid bíll sem stinga má í samband við rafhleðslustöð, heldur nýtir Hybrid-kerfið í NX þá hreyfiorku sem fæst við hemlun og rennsli bílsins, en hjálpar samt verulega til við minnkun eyðslu bílsins. Þessi aflrás telst kannski seint ofuröflug en nær samt að skila honum hressilega áfram, til dæmis í 100 km hraða á 9,2 sekúndum og að 180 km hámarkshraða. Við hæfilega inngjöf er bíllinn bestur og lúxustilfinningin lekur af honum, en þegar gefið er hressilega inn heyrist full mikið í vélinni og hún virðist erfiða talsvert. Flestir kaupendur NX hafa það örugglega frekar að markmiði að láta bílinn eyða litlu og eru penir við inngjöfina, en þeir sem kjósa ofurafl ættu fremur að velja sér talsvert dýrari bíla með mikið afl, eins og Audi SQ5. Þessi aflrás dugar bílnum ágætlega, en gerir hann ekki að sportbíl.

## Lipur borgarjeppi

Lexus NX 300h sendir allt afl bensínvélarinnar til framhjólanna en rafmagnsmótorar knýja bæði aftari og fremri öxulinn. Því er ekki hægt að segja að NX sé hreinræktaður fjórhjóladrifsbíll, heldur aðstoðar rafmótorinn að aftan við drifgetu bílsins, en fyrir vikið er hann ekki mjög hæfur til torfæruaksturs. Það hjálpar honum þó að undir lægsta punkt eru 18,5 sentimetrar. Lexus NX 300h er því öðru fremur svokallaður borgarjeppi, en af betri gerðinni, því hreinn unaður er að aka honum í borgarumferðinni og var það reynt á dögunum í Madrid þar sem umferðin er sannarlega þung. Þar sannaði hann ágæti sitt og lipurð og vel þurfti að vanda sig við að komast leiðar sinnar sem í raun er ekki draumaveröld þess sem ekki er vanur þéttri borgarumferð stórborga meginlandsins. Það sem vakti einna mestu gleðina við akstur NX 300h er hversu hljóðlátur bíllinn er og þar undirstrikar Lexus hve mikla lúxusbíla þeir framleiða. Að auki virkar allt svo vel smíðað og stífni yfirbyggingar bílsins færir enn meiri lúxustilfinningu. Þá var ekki slæmt að aka einungis á hljóðlátu rafmagninu þegar umferðin var svo þung að silast var áfram. Þegar tekið er hins vegar vel á bílnum finnst fyrir 1.900 kg þunga hans og fyrir vikið er hann ekki sá fimasti í krefjandi akstri.






## Ávallt vandaðar innréttingar

Innréttingar Lexus-bíla eru í raun sérkapítuli, svo vel eru þær smíðaðar og yfirleitt skemmir efnisvalið ekki fyrir. Það gildir sannarlega um NX 300h. Ef aksturinn við NX 300h er ekki nóg til að sannfæra ökumann um að hann sé að aka lúxusbíl, er nóg að galopna augun og renna þeim yfir innréttingu bílsins. Þar er sko allt til háborinnar fyrirmyndar. Almennt eru bílar Lexus svo vel smíðaðir að þeir toppa oftast lista yfir minnstu bilanatíðni bíla heimsins. Í síðustu mælingu Auto Power í Bretlandi trónaði Lexus til dæmis hæst og engin bilun mældist í bílum Lexus í rannsóknum þeirra. Heilt yfir er Lexus NX 300h svo mörgum kostum búinn að vega upp þann ókost bílsins að vera ekki sá fimasti í hressilegum akstri. NX á eftir að finna miklu fleiri glaða kaupendur og sú staðreynd að 75% kaupenda Lexus-bíla í Evrópu hafa aldrei átt Lexus áður er líklega því til sönnunar.

westfalia
AUTOMOTIVE

# DRÁTTARBEISLI

**Hágæða beisli, föst eða losanleg, fyrir flestar gerðir fólksbíla og jeppa.**




westfalia

## Söluaðilar

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

**TOPPBÍLAR**
Kletthálsi 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

**KRAFTVÉLAR**
Dalvegur 6-8
201 Kópavogur
Sími 535-3500

# BÍLAR

## Volkswagen yfir 6 milljóna bíla markið

Volkswagen Group bílasamstæðan framleiðir yfir 10 milljónir bíla á ári og þar af er Volkswagen merkið eitt með yfir 6 milljónir af þeim en það takmark náðist rétt fyrir áramótin. Til að átta sig á hve Volkswagen er stórt fyrirtæki þá eru bílar þess framleiddir í 50 verksmiðjum í 14 löndum um heim allan og hjá fyrirtækinu störfuðu 626.715 manns við lok síðasta árs. Volkswagen hefur frá upphafi framleitt 150 milljónir bíla og eiga Bjallan og Golf þar stóran skerf í, en á seinni árum hefur Polo aukið hlutdeild sína í sölu Volkswagen-bíla.

> **Bílar Volkswagen eru framleiddir í 50 verksmiðjum í 14 löndum heim allan**

Á næsta ári má búast við að sjá nýjar gerðir Volkswagen-bíla eiga vænan skerf í heildarsölunni, bíla eins og T-Roc, Arteon og Atlas. Áherslur í framleiðslu Volkswagen bíla breyttust mjög við uppgötvun dísilvélasvindls Volkswagen fyrir ríflega tveimur árum og hafa þær breyst í átt til rafmagns- og tengiltvinnbíla og ætlar Volkswagen að selja eina milljón bíla á ári án hefðbundinnar brunavélar um miðjan næsta áratug.





Svona gæti pallbíll Tesla litið út.

## Pallbíll Tesla stærri en Ford F-150

Elon Musk, forstjóri og stærsti eigandi rafbílaframleiðandans Tesla, segir að næsti framleiðslubíll á eftir Model Y jepplingnum verði pallbíllinn Model U. Hann á sannarlega ekki að verða nein písl því fullyrt er að hann verði stærri en söluhæsti bíll Bandaríkjanna síðustu áratugi, Ford F-150. Model Y á að koma árið 2019 og því má allt eins búast við að Model U pallbíllinn líti ekki dagsins ljós fyrr en árið 2021. Bandaríkjamenn eru einkar hungraðir í pallbíla um þessar mundir og bara Ford F-150 pallbíllinn seldist í 820.799 eintökum í fyrra. Það er því ekki skrítið að Elon Musk hafi hug á að krækja í sneið af þeirri stóru köku. Miðað við hversu illa gengur að framleiða allra nýjustu bílgerð Tesla, Model 3, gæti biðin eftir pallbíl fyrirtækisins orðið löng.



Ford Fiesta grimmselst.

## Ford eykur framleiðslu á Fiesta

Þó svo að sumir fólksbílar Ford af stærri gerðinni seljist illa og miklar líkur séu á að Ford muni hætta framleiðslu Mondeo, að minnsta kosti fyrir Bandaríkjamarkað, þá hefur fyrirtækið vart undan að framleiða hinn talsvert minni Fiesta. Hann er framleiddur í verksmiðju Ford í Köln í Þýskalandi og þar þarf að slá undir nára til að anna eftirspurn. Ford Fiesta er til að mynda mest selda bílgerðin í Bretlandi og í nóvember seldust 6.434 eintök af bílnum og ef svo ágæt sala heldur áfram þar í landi er árssala bílsins þar ríflega 77.000 eintök. Fiesta selst líka vel í Þýskalandi og í nóvember tryggðu 4.660 nýir eigendur sér þar eintak af bílnum. Þessi góða eftirspurn hefur orðið til þess að í verksmiðjunni í Köln hefur þurft að auka framleiðsluna um 100 bíla á dag og þurft hefur að setja á aukavaktir til að sinna allri þessari framleiðslu. Ekki slæmt vandamál þar á ferð.



VAKA

VIÐ ERUM KLÁR FYRIR ÞIG!

VIÐGERÐAÞJÓNUSTA
VARAHLUTAÞJÓNUSTA
DEKKJAÞJÓNUSTA
BIFREIÐAFLUTNINGAR

VAKA HF | Skútuvogi 8 | 104 Reykjavík | Sími: 567 6700 | vakahf.is

# Laus við gigtarverki með Nutrilenk

NUTRILENK GOLD hefur hjálpað þúsundum Íslendinga sem þjáðst hafa af liðverkjum, stirðleika eða braki í liðum. Ekkert lát er á vinsældum þessa liðbætiefnis og það fjölgar stöðugt í hópi þeirra sem öðlast nýtt líf.

Nutrilenk liðbætiefnin eru Íslendingum góðkunn. Gold, Active og Gel eiga það öll sameiginlegt að þau hjálpa til við að draga úr stirðleika og verkjum í liðum. Nutrilenk Active smyr




stirða liði og hjálpar fólki sem þjáist af minnkandi liðvökva. Nutrilenk Gel er kælandi og bólgueyðandi og hentar bæði á auma liði og vöðva. Nutrilenk Gold er þekktasta efnið en það getur hjálpað gegn brjóskvefsrýrnun sem virðist hrjá ótrúlega marga, hvort sem er vegna aldurs, álags eða slyss,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

## Byggingarefni brjóskvefs

„Helstu innihaldsefnin í Nutrilenk Gold er kondrótín, kollagen og kalk en það er unnið úr sérvöldum fiskibeinum (aðallega úr hákörlum) sem eru rík af þessum efnum. Til þess að gera þessi innihaldsefni virk, eru þau meðhöndluð með ensími (hvata) sem smækkar stóru mólekúlin og gerir þau frásogunarhæf og virk sem frábær byggingarefni fyrir brjóskvef. Að auki inniheldur Nutrilenk Gold C-vítamín, D-vítamín og mangan til að auka virkni efnisins sem mest og hentar fólki á öllum aldri,“ útskýrir Hrönn.

## Er laus við gigtarlyfið

Sigrún Björk Sverrisdóttir er ein af þeim sem taka Nutrilenk Gold alla daga en hún er með slitgigt í hálsi og finnur einnig til í axlar- og mjaðmaliðum:

„Ég hafði tekið bólgu- og verkjastillandi gigtarlyf í ein sjö ár þegar læknirinn benti mér á að nú væri tími kominn á að endurskoða hlutina því það er ekki gott að taka lyfið í mjög langan tíma. Ég hafði stuttu áður byrjað að taka Nutrilenk Gold þannig að ég tók gigtarlyfið alveg út og fór að taka Nutrilenkið af fullum krafti. Fyrst 3 x 2 töflur á dag og síðar 3-4 töflur. Það tók mig nokkrar vikur að finna einhvern mun en ég þráaðist við og tók þá stundum 5 töflur á dag. Í dag er ég bara nokkuð góð og mjög sátt við að vera laus við gigtarlyfið. Ef ég gleymi að taka Nutrilenkið þá finn ég fljótt fyrir því. Nú eru fleiri í fjölskyldunni farnir að taka Nutrilenk Gold, m.a. vegna slæmsku í hnjám, og allir eru jafn ánægðir.“


Sigrún Björk, fulltrúi Starfsmannafélags Suðurnesja, hefur góða reynslu af Nutri lenk. MYND/STEFÁN

> **Í dag er ég bara nokkuð góð og mjög sátt við að vera laus við gigtarlyfið. Ef ég gleymi að taka Nutrilenkið þá finn ég fljótt fyrir því**
>
> Sigrún Björk Sverrisdóttir, fulltrúi Starfsmannafélags Suðurnesja





Sölustaðir: Apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana.




# Collagen Beauty formula

Minni hrukkur og frísklegri húð

Inniheldur 500 mg af kollageni ásamt náttúrulegri bætiefnablöndu sem styður við kollagenframleiðslu húðarinnar.

Regluleg inntaka getur hægt á öldrunareinkennum og dregið úr líkum á að fínar línur og hrukkur fari að myndast of snemma.




natures aid

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

# Skoðar heiminn á hlaupum

Arnar Pétursson hlaupari átti gott hlaupaár 2017 þar sem hann varð m.a. nífaldur Íslandsmeistari. Hann stefnir á enn betra hlaupaár í ár auk þess að klára þrjár mastersgráður fyrir lok árs.

